



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is
Híbýli og viðhald



STÓR ÁFANGI HJÁ KRON

Hugrún og Magni í Kron Kron hafa hannað skó fyrir vetrarlínu tískuhússins Rue de Mail í París.

Fólk 26



FRÉTTABLAÐIÐ

MÁNUDAGUR

26. apríl 2010 — 96. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

Góð tilfinning

Eðvarð Ingólfsson heldur upp á fimmtugsafmæli sitt í borginni sem aldrei sefur.

Tímamót 14



Breytingar í pókerheimum

Davíð Rúnarsson og Valur Heiðar Sævarsson taka við rekstri pókerstaðarins Casa.

Fólk 26




Langþráður titill

Valur fagnaði Íslandsmeistaratitli kvenna í handbolta í fyrsta sinn í 27 ár.

Íþróttir 20

veðrið í dag



STREKKINGUR ALLRA SYÐST

Í dag má búast við austlægum áttum, víða 5-10 m/s en allt að 18 m/s við suðurströndina. Lítils háttar úrkoma sunnan og vestantil en annars úrkomulítið. Hiti á bilinu 0-6° C.

veður 4

Lífeyrissjóðir meta hvort stefna þurfi bönkunum

Fjöldi fólks skoðar nú hvort tilefni er til málshöfðunar á hendur bönkum vegna upplýsinga í rannsóknarskýrslunni. Ekki búið að setja lög um hópmálsóknir. Lífeyrissjóðirnir fara yfir skýrsluna með lögfræðingum.

VIÐSKIPTI „Auðvitað er fullt af fólki að kanna réttarstöðu sína og ég viðurkenni það ósköp vel að ég er að kanna réttarstöðu mína.“ Þetta segir Vilhjálmur Bjarnason, lektor við viðskiptafræðideild við Háskóla Íslands. Hann segir menn verða að vanda sig í þessum málum og hann sé að hugsa sinn gang.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á lögum um meðferð einkamála sem heimil-ar hópmálsókn. Flutningsmenn eru þingmenn allra flokka.

Vilhjálmur segir margt liggja skýrar fyrir eftir skýrslu rannsóknarnefndarinnar og margir hljóti að hugsa sinn gang. „Ef lífeyrissjóðirnir eru ekki að hugsa sinn gang þá er nú eitthvað að hjá þeim.“

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir að þar á bæ sitji menn yfir skýrslunni með aðstoð lög-manna. Enn á eftir að semja um uppgjör gjald-eyrisskiptasamninga milli bankanna og sjóð-anna og hafa lífeyrissjóðirnir lagt til að frá

þeim verði gengið miðað við gengisvísitöluna 175. „Okkar boð stendur enn, en það kann að breytast miðað við það sem stendur í skýrsl-unni,“ segir Hrafn.

Hann segir sjóðina þó vilja leysa málið án þess að til umfangsmikilla málaferla komi. Ekkert sé að gerast í málinu af hálfu skila-nefndanna, en það sé best fyrir alla að ljúka því.

„Það er ekki góð staða að fara með þetta í málaferli en það gæti reynst nauðsynlegt.“ - kóp



RÖSKIR Á SKÓFLUNUM Félagar úr Ferðaklúbbunum 4x4 rifu sig upp snemma á sunnudagsmorgni til að leggja hönd á plóginn í hreinsunarstarfinu eftir öskufallið mikla undir Eyjafjöllum. Hér taka tveir þeirra til hendinni á Seljavöllum þar sem hvað mest féll af ösku frá eldstöðinni. **sjá síðu 6**

Jeppi með fjórum ungmönnum lenti á ljósastaur við Keflavík á laugardaginn:

Tvær átján ára stúlkur látnar og þeirri þriðju enn haldið sofandi

SLYS Tvær átján ára stúlkur létust á gjörgæsludeild Landspítalans í gær, eftir hörmulegt bílslys í Keflavík að morgni laugardags.

Þriðja stúlkann, sem er sautján ára, slasaðist líka alvarlega og var enn haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild í gærkvöld. Frekari upplýsingar um líðan hennar fengust ekki.

Stúlkurnar voru farþegar í jeppa sem lenti á ljósastaur og valt við Mánatorg, norðan við Keflavík, klukkan hálf sjö á laugardagsmorguninn.

Ökumaður bílsins var piltur á

svipuðum aldri. Hann var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en var útskrifaður þaðan samdægurs. Meiðsl hans voru ekki alvarleg.

Lögreglan lýsti eftir vitnum að slysinu um helgina. Sérstaklega er óskað eftir því að sá sem var á slysavettvangi og leyfði afnot af farsíma sínum hafi samband við lögreglu.

Rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurnesjum fer með rannsókn málsins. Ekki fengust upplýsingar þar í gærkvöld um gang rannsóknarinnar eða tildrög slyssins.

Önnur stúlkanna sem lést var

búsett í Garði og hin átti rætur sínar að rekja þangað.

Sú sem enn liggur á Landspítalanum er einnig úr Garðinum.

Í Garðinum er fólk harmi slegið. Fjöldi fólks þaðan og úr nágrenna-byggðum sótti bænastundir vegna slyssins í Útskálakirkju í Garði um helgina, bæði á laugardag og sunnudag. Vinir og félagar stúlkanna lýstu sorg sinn á samskiptasíðunni Facebook og vottuðu ættingjum þeirra samúð sína.

Ekki er unnt að greina frá nöfn-um hinna látnu að svo stöddu.

- hhs

GLEÐI-
LEGT
SUMAR

SUMAR-
OPNUNARTÍMI

Opið alla daga
frá 11-22
á báðum stöðum

SAFFRAN

Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.

kaffi Rjómi 12%

Geymslupólin mjólkurvara

ms.is



„Ólafur Darri, ertu ekkert að kafa full djúpt í hlutverkið?“

„Ég er að minnsta kosti búinn að henda mér út í djúpu laugin.“

Ólafur Darri Ólafsson undirbýr sig fyrir aðalhlutverkið í kvikmyndinni Djúpið með sjósundi og köfun. Myndin er lauslega byggð á sundafrekum Guðlaugs Friðþórssonar en hann synti í land er bát hans hvolfði skammt frá Heimaey.



NÚMER 100.000 Sigríður Jónsdóttir frá Húsavík var hundrað þúsundast gesturinn til að renna sér í brekkum Hlíðarfjalls þennan veturinn.

Góðri vertið senn að ljúka: Gestir í vetur 100 þúsund

ÚTIVIST Á laugardaginn kom 100 þúsundast gesturinn í Hlíðarfjall ofan Akureyrar á þessum vetri. Þetta var Sigríður Jónsdóttir frá Húsavík, sem þáði að launum vetrarkort fyrir næsta vetur í Hlíðarfjalli og flugfar til Reykjavíkur með Flugfélagi Íslands. Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls, veitti henni verðlaunin.

Síðasta opunarhelgi í Hlíðarfjalli verður frá 30. apríl til 2. maí. Þá verður opið á föstudag frá klukkan 13 til 21 og á laugardag og sunnudag frá 9 til 15. - hhs

Bush gefur út bók: Ákvarðanir forseta útskýrðar

BANDARÍKIN, AP George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, sendir næsta haust frá sér sjálfsævisögulega bók, þar sem hann skýrir frá tildrögum og forsendum umdeilda ákvarðana sem hann tók á forsetaferli sínum.

Meðal annars verður fjallað um atburðina í kringum 11. september 2001, forsetakosningarar árið 2000 og persónulegri mál, svo sem tengsl hans við fjölskyldu sína og ákvörðun hans um að hætta að drekka.

Bókin á að heita „Decision Points“ og kemur út 9. nóvember. - gb

Icelandair flýgur áfram til og frá Akureyri en Iceland Express reynir við flug um Keflavíkurflugvöll: Stefnt að innanlandsflugi eftir helgarhlé

SAMGÖNGUR Vonast er til að sú breyting verði á dreifingu ösku frá Eyjafjallajökli að hægt verði að taka innanlandsflug upp að nýju í dag. Innanlandsflugið lá niðri um helgina.

Iceland Express stefnir að flugi til og frá Keflavíkurflugvelli í dag að sögn Kristínar Þorsteinsdóttur, upplýsingafulltrúa félagsins. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir flugfélagið gera ráð fyrir að allt flug félagsins til og frá landinu færi því um Akureyri í dag og á morgun. Öll flug Icelandair eru til Glasgow og þaðan er flogið áfram á aðra áfangastaði.

Bæði félögin flugu til og frá Akureyri í gær. Iceland Express flaug til London og Kaupmannahafnar og stóð til að freista þess

að láta þær vélar lenda í Keflavík þegar þær sneru aftur til landsins í gærkvöld. Það gekk hins vegar ekki upp og vélunum var stefnt til Akureyrar.

Öll flug Icelandair eru hins vegar til Glasgow og þaðan er flogið áfram á aðra áfangastaði.

Kristín Þorsteinsdóttir sagði í gær að Iceland Express ætlaði að reyna að fljúga frá Keflavík til London, Kaupmannahafnar, Berlínar og Brussel enda væri gott útlit fyrir að hægt yrði að opna fyrir flug frá Keflavík.

Sem fyrr eru farþegar beðnir um að fylgjast náið með vefsíðum flugfélaganna og texta- varpinu vegna hugsanlegra breytinga á flugáætlunum.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Iceland Express hyggst reyna að fljúga um Keflavíkurflugvöll í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Salan aðeins svipur hjá sjón eftir gosið

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir bókanir hjá félaginu aðeins fjórðung af því sem var fyrir eldgosið í Eyjafjallajökli. Erna Hauksdóttir hjá Samtökum ferðaþjónustunnar segir brýnt að ferðaþjónustan falli ekki á tíma.

FERÐAMÁL Ráðast þarf í miklar aðgerðir til að fá erlenda ferðamenn aftur til landsins. Þetta er mat framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar, Ernu Hauksdóttur.

Fréttir af eldgosinu í Eyjafjallajökli hafa borist um allan heim og Erna segist hafa fregnir af því að ferðaþjónustufyrirtæki víða um land hafi fengið fjölda fyrirspurna frá fólki sem hugðist koma til landsins í sumar. Einnig að töluvert sé um afbókanir meðal erlendra ferðamanna.

„Við höfum fengið upplýsingar frá ferðaþjónustufyrirtækjum sem segja að mikið sé um afbókanir. Það sem er hins vegar mun alvarlegri tíðindi er að hrun er í nýjum bókunum. Þessi tími, og næstu vikur fram á sumar, er aðalbókunartími ársins í ferðamannaíðnaðinum þannig að þetta er gríðarlega alvarlegt mál,“ segir Erna.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, sagði stöðuna slæma í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöld. Hann segir sölu á flugferðum aðeins vera um fjórðung af því sem var fyrir gos og stuðla þurfi að mikilli landkynningu til að ekki verði algert hrun í ferðaþjónustunni.

Matthías segir jafnframt að stefnt hafi í að komandi sumar yrði mesta ferðamannasumar í manna minnum. Miðað við sölu verði það hins vegar aðeins svipur hjá sjón.

Erna segir mikilvægt að allir leggist á eitt við að koma réttum upplýsingum á framfæri til að ferðaþjónustan falli ekki á tíma. Mikil bjartsýni ríkti í ferðageiranum fyrir nokkrum vikum þegar



HRÆÐSLA ERLENDIS Útlendingar veigra sér við að panta flug til Íslands eftir að gosið í Eyjafjallajökli komst í heimsfréttirnar.

allt stefndi í að ferðamenn myndu streyma til landsins. „Það þurfa allir að taka til hend-

inni og hjálpast að við þetta verk efni sem fram undan er,“ segir Erna. jlum@frettabladid.is



SIANGHÆ í danska skálanum situr hafmeyjan úti í litilli tjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umdeild ferð frægar styttu: Hafmeyjan er komin til Kína

KÍNA, AP Styttan af litlu hafmeyjunni var afhjúpuð útvöldum gestum á nýjum stað í Sjanghai í Kína í gær. Þar verður hún til sýnis í danska skála heimssýningarinnar, sem hefst 1. maí.

„Þetta er fyrsta ferð Litlu hafmeyjunnar til Kína og líklega sú síðasta,“ segir Bjarne Ingels, arkitektinn sem hannaði danska skálann.

Margir Danir eru ósáttir við flutning styttunnar frægu til Kína í auglýsingaskyni fyrir Danmörku, en Ingels segir langa sögu liggja að baki. Margir Kínverjar hafi alist upp við ævintýri H.C. Andersen. - gb

BJÖRGUN

Slasaðist á Skarðsheiði

Félagar úr björgunarsveitunum Brák, Oki, Heiðari og frá Akranesi fóru á Skarðsheiði seinni partinn í gær til að sækja mann, sem talið var að hefði slasast á baki. Maðurinn hrasaði í fjallinu og rann niður brattar skriður.



Bókaklúbbur barnanna

Sígild ævintýri ásamt geisladiski í hverjum mánuði.

Fyrsta bókin á aðeins **945 kr!**

Skráðu þig á: klubbhusid.is eða í síma **528-2000**

Ólafi Halldórssyni handritafræðingi veitt viðurkenning fyrir ævistarf: Níráður mætir daglega í vinnu

MENNING Ólafur Halldórsson, handritafræðingur, hlaut í gær sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir framlag sitt til rannsóknar og kynningar á Færeingasögu. Heiðursviðurkenningin var hluti af færeyskri barna- og fjölskylduhátíð sem sett var í gær á Kjarvalsstöðum, á fánadegi Færeyinga, en hátíðin er hluti af Barnamenningarháttíð Reykjavíkur.

Ólafur hefur um áratugaskeið unnið að rannsóknum á handritum, textum og útgáfum á fornsögum og eytt þar drjúgum parti ævistarfs í Færeyingasögu, meðal annars með því að annast einstakar útgáfur af henni.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi sagði í ræðu sinni við verðlaunaafhendinguna að Ólafur hefði unnið ómetanlegt starf, sem hann hefði unnið í þágu menningartengsla frændþjóðanna Færeyinga og Íslendinga. Ólafur varð níráður fyrir viku og mætir enn hvern virkan dag til vinnu á Árnastofnun.

Auk erindis sem Ólafur flutti um Færeyingasögu var íslenskum börnum boðið að senda póstkort til jafnaldra sinna í Færeyjum og í lokin voru færeysk-



HEIÐRAÐUR Á KJARVALSSTÖÐUM Sendikvinna Færeyinga á Íslandi, Gunnvör Balle, verðlaunahafinn Ólafur Halldórsson handritafræðingur og borgarstjórinn í Reykjavík, Hanne Birna Kristjánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ir þjóðdansar stignir og boðið upp á veitingar ættaðar úr Færeyjum.

- jma

Þú færð iPhone og iPod Touch hjá Nova!

**0 kr.
Nova
í Nova!**
1.000 mín. og 500
SMS/MMS á mán.

**Netið
í símann**
0 kr. í áskrift
150 MB/mán.
20 kr. í frelsi
5 MB/dag

**2.000 kr. notkun
á mánuði í
18 mán. fylgir!**
Gildir ekki með staðgreiðslu.

9.900 kr. /mán.

iPhone 3GS

Afborgun: 9.900 kr. á mán. í 18 mán.
og 2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir!

Staðgreitt: 146.900 kr.
Innifalinn notkun fylgir ekki staðgreiðsluverði.



3.900 kr. /mán.

iPod Touch

Afborgun: 3.900 kr. á mán. í 12 mán.
Breyttu iPod Touch í síma með Skype
– tengist netinu þráðlaust (WiFi)

Staðgreitt: 46.800 kr.



Nú getur þú hringt Skype samtöl í alla sem þú þekkir hérlandis og erlendis
úr Nova farsíma. Margir Íslendingar nota síma og spjall þjónustu Skype
yfir netið og því eru væntanlega margir sem fagna því að geta fengið
Skype í farsímann.

Í dag er Skype þjónustan aðgengileg í völdum farsísum frá Nokia auk þess sem Skype hefur slegið
í gegn hjá iPhone 3GS og iPod Touch eigendum.

Nánari upplýsingar fyrir Nokia farsíma, sjá OVI store eða www.skype.com og fyrir iPhone 3GS (WiFi)
og iPod Touch (WiFi), sjá App Store eða www.skype.com til að fá Skype í farsímann!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

GENGIÐ 23.04.2010		
GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
 Bandaríkjadalur	128,23	128,85
 Sterlingspund	197,07	198,03
 Evra	170,62	171,58
 Dönsk króna	22,924	23,058
 Norsk króna	21,639	21,767
 Sænsk króna	17,781	17,885
 Japanskt jen	1,3717	1,3797
SDR	193,96	195,12
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
227,9324		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Ráðuneyti biðst afsökunar:
Embættismenn gengu of langt

BRETLAND, AP Utanríkisráðuneyti Bretlands hefur sent Benedikt sextánda páfa afsökunarbréf eftir að minnisblað úr ráðu-



BENEDIKT PÁFI

neytinu, sem ekki var ætlað til birtingar, komst í fjölmiðla. Þar eru embættismenn ráðuneytisins að gantast með að páfinn gæti til dæmis opnað fóstureyðingarstofu, gift samkynhneigt par eða kynnt nýja smokkategund þegar hann kemur í fjögurra daga heimsókn til Bretlands í september.

Ráðuneytið fordæmir skjalid og segir það merki um slæma dómgreind, kjánaskap og virðingarleysi. Einn starfsmaður ráðuneytisins hefur verið settur í önnur verkefni.

- gb

Vilja lækka kostnað:
Heimilislæknar samningslausir

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkratryggingar Íslands hafa sagt upp samningi við sjálfstætt starfandi heimilislækna frá og með næstu áramótum, í því miði að lækka kostnað í heilbrigðiskerfinu. Samningarnir runnu út um síðustu áramót en voru framlengdir um eitt ár. Nú hefur sú ákvörðun verið tekin að segja samningunum upp.

AUSTURRÍKI

Forseti endurkjörinn

Heinz Fischer var í gær endurkjörinn forseti Austurríkis með nærri 80 prósent atkvæða. Næsta kjörtímabil verður sex ár.

Grikkland þarf nauðsynlega að fá fjárhagsaðstoð innan fjögurra vikna:

Bíða láns í kappi við tímann

GRIKKLAND, AP Gríska stjórnin þarf að fá fjárhagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópuríkjunum ekki síðar en 19. maí, en þá eru á gjalddaga afborganir af lánum upp á samtals 11,3 milljónir dala.

„Við treystum því öll að þetta verði gert tímanlega svo við getum haldið áfram að fjármagna opinberar skuldir Grikklands án nokkurra vandkvæða,“ sagði George Papaconstaninou fjármálaráðherra á blaðamannafundi í Washington í gær, en þangað hafði hann komið í tengslum við ársfundi AGS og Alþjóðabankans.



GEORGE PAPACONSTANIONOU Fjármálaráðherra Grikkja að loknum blaðamannafundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagði að Grikkir hefðu ekki í hyggju að láta lánin gjaldfalla og borga minna en þeim ber.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samdi við Evrópuríki um sameiginlega aðstoð til Grikklands, sem á að hjálpa landinu að komast í gegnum mestu erfiðleikana, sem stafa af gríðarlegri skuldasöfnun stjórnvalda undanfarin ár.

Bæði Evrópusambandið og AGS gera strangar kröfur til Grikkja um að koma fjármálum ríkisins í lag, en fjöldamótmæli hafa verið nær daglegur viðburður í Grikklandi vikum saman vegna aðhaldsáðgerða stjórnvalda, sem bitna illa á grískum almenningi.

- gb

Rauðstakkar búa sig undir ný átök

Forsætisráðherra Taílands hafnar enn kröfum rauðklæddra mótmælenda um afsögn. Viktor Sveinsson, sem er búsettur í Taílandi, segir fólk bíða aðgerða hersins sem hafi oftsinnis gert valdarán eftir að landið hætti að vera konungsríki.

TAÍLAND Rauðstakkar í Taílandi bjuggu sig í gær undir átök við lögreglu og her, eftir að Abhisit Vejajiva forsætisráðherra hafði hafnað sáttabóði þeirra, sem fólst í því að mótmælum yrði hætt ef þing landsins yrði leyst upp.



VIKTOR SVEINSSON

Mótmælendurnir höfðu lagt undir sig eina götu í Bangkok og hafst þar við í 23 daga. Búist var við að stjórnvöld myndu láta sverfa í stál til að rýma götuna.

Til harðra átaka kom í götunni á fimmtudag og lét þá að minnsta kosti einn maður lét lífið, en 10. apríl höfðu 25 manns látist þegar herinn reyndi að rýma búðir sem mótmælendur hafa komið sér þar upp.

„Rauðstakkarnir eru lýðræðishreyfing fyrst og fremst, þótt margir þeirra séu stuðningsmenn Thaksins, fyrrverandi forsætisráðherra,“ segir Viktor Sveinsson, sem býr í Taílandi og rekur þar ferðaskrifstofuna Oriental. „Þeir krefjast þess að núverandi stjórn, sem óneitanlega situr í skugga valdaráns hersins, fari frá völdum.“

Thaksin Shinavatra hlaut yfirburða kosningu árið 2001 en var hrakinn frá völdum haustið 2006 eftir langvarandi mótmæli gulstakka. Allar götur síðan hafa svonefndir rauðstakkar og gulstakkar



STEMNING Í BANGKOK Mótmælandi hallar sér með skjöld sinn og prik innan seilingar.

NORDICPHOTOS/AFP

skipst á um að standa fyrir mótmælum í landinu gegn stjórnvöldum, allt eftir því hvort forsætisráðherrann hefur verið hliðhollur Thaksin eða ekki.

„Gulstakkarnir eru hins vegar konungssinnar númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Viktor, sem fylgist vel með gangi mála í Bangkok þótt hann búi í Hua Sin, strandbæ um 200 kílómetrum suður af höfuðborginni.

Konungssinnar voru frá upphafi ósattir við Thaksin, enda kom hann ekki úr röðum valda-

klíkunnar í kringum konunginn eins og fyrri forsætisráðherrar höfðu gert.

„Annars verður nú að segja að pólitíkin í Taílandi ristir ekkert ofboðslega djúpt. Stemningin skiptir oft öllu máli og fólk klæðir sig upp í afgerandi litum eftir því með hverjum það er í liði,“ segir Viktor.

„Síðan bíða allir eftir því hvað herinn gerir, en hann hefur gert valdarán sautján eða átján sinnum síðan landið hætti að vera hreint konungsríki.“ gudsteinn@frettabladid.is

Kæra tveggja sveitarfélaga:

Lögreglan rannsakar Gift

LÖGREGLUMÁL Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra rannsakar nú málefni Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga og Fjárfestingarfélagsins Giftar ehf. og meðferð stjórnarmanna á fjármunum félaga. Að sögn Björns Hafþórs Guðmundssonar, sveitarstjóra Djúpavogs, er óljóst hversu miklu fé sveitarfélögin töpuðu í þessum félögum en það má áætla með með samanburði að Djúpvogur hafi orðið af 80 milljónum króna og Vopnafjörður um 120 milljónum.

- gar



BÖRNIN HRIFIN Kiðlingar vöktu mikla lukku við opnun dýragarðsins.

Dýragarður í Reykjanesbæ:

Landnámsdýr gleðja börnin

REYKJANESBÆR „Það er mikilvægt að gefa börn færri á návist við dýrin, sérlega ungvíðið. Þetta er einn af þeim þáttum sem mun framvegis gera lífið litríkara hér í Reykjanesbæ,“ sagði Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, þegar lítill húsdýragarður var opnaður í Víkingaheimum í Innri-Njarðvík á laugardag.

Kálfar, lömb, kiðlingar, landnámsshænur, geitur og kanínur voru meðal þeirra dýra sem hægt var að skoða í garðinum.

Garðurinn var opnaður í tilefni Barnahátíðar í Reykjanesbæ en verður framvegis opin yfir sumarmánuðina.

- jma

Ungverjar kjósa til þings:

Viktor Orban aftur til valda

UNGVERJALAND, AP „Við getum lofað því að við munum reyna að standa undir þessu trausti,“ sagði Lajos Kosa, einn forystumanna hægri- og miðjuflokksins Fidesz, sem tryggði sér meira en tvo þriðju þingsæta í seinni umferð þingskosninga í Ungverjalandi í gær.

Viktor Orban, leiðtogi flokksins, verður forsætisráðherra, en Sósíalistaflokkurinn, sem hefur farið með stjórn landsins undanfarin átta ár, beið afhroð.

- gb



Nýr Nicorette plástur fæst nú 25 mg og hálf gagnsær

Nýtt!

Nicorette Invisi 25 mg

Er að hærri styrkleika en fyrri forðaplástr frá Nicorette

Nicorette® nikótínlyf eru lánleg án lyfseðils og eru notað til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráværðiseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reykt. Notað forðaplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfatyggiðummi eða Nicorette innsöglyfi. Hámarksdagsskammtur er 1 stk forðaplástur og annað hvort 24 stk lyfatyggiðummi eða 12 lyf innsöglyfi. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leið til læknis eða lyfjafráðings ef þú ert á frekan upplýsingum um lyfin. Þeir sem tengið hafa öfnæmi fyrir nikótín eða öðrum innihaldsefnum lyfins, nýlengi hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartaáttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlengt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á þrosti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsmann. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfshafi: McNeil Denmark ApS. Umbod á Íslandi: Vísitor hl., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.




Soffia Sveinsdóttir
veður-
fréttamaður

HLÝNAR HÆGT

Í dag verður hiti um frostmark á norðausturhluta landsins en næstu daga má búast við að hitinn fari hægt og sígandi upp á við. Á miðvikudaginn snýst í norðaustlægar áttir, þá léttir heldur til suðvestanlands en þykknar upp annars staðar.

Á MORGUN
5-10 m/s,
hvassara við S-ströndina.

MIÐVIKUDAGUR
NA-átt,
viðá 8-13 m/s.



HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	23°
Berlín	18°
Billund	13°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	21°
London	17°
Mallorca	21°
New York	15°
Orlando	30°
Ósló	8°
París	17°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Hótel og gistiheimili!



Allsherjarlausnir! Er allt klárt fyrir sumarið?



Settu þig í samband við okkur í síma 588 8477.
Óskaðu eftir bækling eða tilboði hjá hotelvorur@hotelvorur.is



Radix heildverslun

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Fax 588 8475 • hotelvorur@hotelvorur.is





GOS Í EYJAFJALLAJÖKLI



Á PORVALDSEYRI Búskap hefur verið slegið á frest á Porvaldseyri en hreinsunarstarfið hélt þar áfram í gær.



BURT MEÐ ÖSKUNA Slökkviliðsmenn spúluðu þetta hús sem stendur við afleggjarann að Seljavöllum.



GRÉTAR ÓSKARSSON OG JÓHANNA VIGDÍS PÁLMAÐÓTTIR Bóndinn á Seljavöllum leiðir dótturdóttur sína gegnum öskusvart bæjarhlaðið.



VIÐ SELJALAUG Fólk frá Rauða krossinum þreif af krafti í kringum sundlauginu.

Rísa úr öskunni undir Eyjafjöllum

Yfir eitt hundrað sjálfboðaliðar tóku þátt í að hreinsa ösku frá bæjum undir Eyjafjöllum í gær. Jeppamenn, björgunarsveitarfélagar og liðsmenn Rauða krossins voru þar á meðal. Það verður ekki gefist upp, segir Pálmi Jóhannsson, tengdasonur hjónanna á Seljavöllum.

„Þau eru ekkert að gefast upp,“ segir Pálmi Jóhannsson, tengdasonur hjónanna á Seljavöllum undir Eyjafjöllum, sem er ein þeirra jarða sem hvað mest hefur orðið fyrir barðinu á öskufalli frá Eyjafjallajökli.

Fjöldi jeppamanna úr Ferðaklúbbnum 4x4 var mættur að Seljavöllum um miðjan morgun í gær til að aðstoða heimilisfólkið við að hreinsa ösku úr garðinum við húsið og þar um kring. Við Seljavallalaug var mannskapur frá Rauða krossinum í sömu

erindagjörðum. Af nógu var að taka og er enn. Sjálfboðaliðar úr ýmsum áttum létu til sín taka á þeim bæjum sem verst urðu úti. Auk félaga úr Rauða krossinum og jeppaklúbbnum 4x4 sem áður eru nefndir voru liðsmenn björgunarsveita og slökkviliðsmenn við störf.

Pálmi segir hreinsunarstarfinu verða haldið áfram í einni eða annarri mynd. Von sé á tækjabíl frá sveitarfélaginu til að sópa betur upp í kringum bæinn. Stóra spurningin snúist nú um það hvaða áhrif

askan hefur á ræktarlandið.

„Það verður gaman að sjá hvað gerist ef það rignir svolítið hressilega, hvort askan fer ofan í jarðveginn eða verði að steypu. Það er erfitt að segja hvað verður en líklegast verður að plægja það. En það verður þá varla mikil grasræktun í sumar,“ segir Pálmi sem þó bendir á að tún Seljavalla neðan þjóðveggar hafi sloppið miklu betur frá öskufallinu sem hafi verið margfalt meira upp í dal þar sem bærinn stendur. „Það fóru jarðfræðingar hérna upp á heiði

og sögðu að gras væri strax farið að koma upp úr öskunni þar.“

Á Seljavöllum búa hjónin Grétar Óskarsson og Vigdís Jónsdóttir. Þau stunda fyrst og fremst kúabúskap. Við komum bara hérna að kíkja á þau og létta þeim lundina,“ útskýrir Pálmi sem aðspurður kveður kýrnar á Seljavöllum allar á fjósi. „Þær eru bara slakar en það verður að koma í ljós hvernig haginn tekur við sér. Það gæti þurft að hafa skepnurnar inni fram á sumar.“

gar@frettabladid.is

Sjúkrabjálfunin *Heil & Sæl*


Hraunbæ 102c Reykjavík



Ingigerður Guðmundsdóttir
löggiltur sjúkrabjálfi



Eva-Marie Björnsson
löggiltur sjúkrabjálfi



Steinunn Sæmundsdóttir
löggiltur sjúkrabjálfi

Við höfum tekið til starfa!
Tímarpantanir í síma 5677455

Hraunið rennur í vesturátt en ekki hætta á flóðum:

Gosóróinn svipaður og undanfarna daga

Ekkert sást til gosmökkksins úr Eyjafjallajökli í gær, hvorki ofan né neðan frá, að sögn sérfræðinga Veðurstofunnar og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands. Mökkurinn var hulinn skýjum en samkvæmt mælum Veðurstofunnar er gosóróinn svipaður og verið hefur undanfarna daga og engin merki um að gosi sé að ljúka þótt umfang gosmökkksins hafi undanfarna daga farið dvínandi.

Hraun rennur í vesturátt og bræðir jökullinn en ekki er talin hætta á flóðum þar sem vatnið nær ekki að safnast saman heldur streymir sífellt áfram eftir árfarvegum. Líklegt er talið að hraunstreymi hafi hafist á hádegi á miðvikudag og því til viðmiðunar er tekið vatnsrennsli niður Gígjökul sem varð þá samfleytt og gufamyndun sást eftir hádegi þann dag við norðurjaðar sigketils.

- jma



GOSMÖKKUR HULINN SKÝJUM Ekkert sást til gosmökkksins úr Eyjafjallajökli í gær. MYND/MAGNÚS TUMI

Öskuspá



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mánudagur 26. apríl: Suðaustanstrekkingur og dálítill rigning á Suður- og Vesturlandi. Gosaska berst til vesturs og norðvesturs frá eldstöðinni en úrkoman dregur úr öskumistri.

Þriðjudagur 27. apríl: Austlæg átt. Líklega öskumistur yfir Suður- og Suðvesturlandi.

Miðvikudagur 28. og fimmtudagur 29. apríl: Norðaustanátt og öskumistur berst einkum í suðvestur af eldstöðinni.



25% lækkun prentkostnaðar

Enginn stofnkostnaður

Aukið öryggi



Lækkaðu prentkostnaðinn

Rent A Prent – Umhverfisvæn lausn frá Skyggni

Rent A Prent er umhverfisvæn og hagkvæm prentlausn sem dregur úr pappírnotkun, lækkar rekstrarkostnað og eykur öryggi.

Skyggni útvegar prentara, rekstrarvörur og sér um innleiðingu og viðhald. Því er hvorki fjárhagsleg skuldbinding á vélbúnaði né rekstrarvöru heldur greiðir þú aðeins fyrir hvert prentað eintak.

Með aðgangsstýrðum prenturum er komið í veg fyrir að gögn liggi á glámbekk um leið og dregið er úr óþarfa pappírnotkun.

Hafðu samband við söluráðgjafa Skyggni til að fá frekari upplýsingar um Rent A Prent. Síminn er 516 1000 og netfangið: sala@skyggni.is



Upplýsingatækni og samskiptalausnir

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver er leiðtogi frjálssyndra demókrata á Bretlandi?

2. Eiður Smári Guðjohnsen lék með Tottenham gegn Manchester United á laugardag. Hversu marga leiki hefur Eiður leikið í ensku úrvalsdeildinni?

3. Hver leikstýrir Íslandsklukkunni í Þjóðleikhúsinu?

SVÖR Á SÍÐU 26

Íraksdeild Al Kaída: Staðfestir lát leiðtoga sinna

ÍRAK, AP Al Kaída-samtökin í Írak hafa staðfest að tveir helstu leiðtogar þeirra hafi fallið í árás bandarískra og íraskra hermanna um síðustu helgi.

Samtök-in segjast þó ætla að halda ótraud áfram baráttunni:

„Stríðið er enn í gangi, og úrslit-in verða hinum trúhreinu í hag,“ segir í yfirlýsingu sem birt var á vefnum. Leiðtogar Íraksdeildar samtakanna, þeir Abu Omar al Baghdadi og Abu Ayyub al Masri, létu lífið þegar árás var gerð á hús skammt frá Tikrit skammt norður af Bagdad.

8

FRÉTTABLAÐIÐ

26. apríl 2010

MÁNUDAGUR

Umhverfisráðherra veitti þrjár viðurkenningar á degi umhverfisins: Krakkarnir í Hvolsskóla heiðraðir



UMHVERFISMÁL Umhverfisráðherra veitti þrjár viðurkenningar fyrir störf á sviði umhverfismála á degi umhverfisins í gær. Sigrún Helgadóttir hlaut náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar Brattholt, sem veitt var í fyrsta skipti. Verðlaunin hlaut Sigrún meðal annars fyrir það að miðla umhverfisfræðslu til barna og ungmenna, með námsefni og verkefnastjórn Grænafánaverkefnisins á árunum 2000-2008.

Þá fékk prentsmiðjan Oddi afhenta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir framlag sitt til umhverfismála og nemendur Hvolsskóla voru útnefndir varðliðar umhverfisins, sem er verkefnasamkeppni í umhverfisvernd.

- jma

VARÐLIÐAR UMHVERFISINS Svandís Svavarsdóttir ásamt nemendum úr 10. bekk Hvolsskóla sem útnefndir voru varðliðar umhverfisins á degi umhverfisins.

Moody's breytir láns hæfismati: Líklegt að fleiri fylgi í kjölfarið

EFNAHAGSMÁL Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, væntir þess að fleiri matsfyrirtæki muni fylgja í kjölfar Moody's sem á föstudag breytti láns hæfismati ríkisjóðs úr neikvæðum í stöðugar.

Gylfi á von á að fá svipaðar fréttir á næstu mánuðum frá Fitch og Standard og Poor's og það muni skila sér smám saman í betra láns hæfismati. „Vö sjáum þá líka væntanlega þetta skuldatryggingaálag lækka.

Formaður sagði Framsóknarflokkinn andvaralausan: Má biðja afsökunar

STJÓRNMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði á miðstjórnarfundum flokksins á laugardag að Framsóknarflokkurinn hefði átt að „sporna við geggj-uninni“ í aðdraganda bankahrunsins.

„Fyrir andvaraleysi og mistök flokksins má biðjast margfaldlega afsökunar,“ sagði formaðurinn sem kvað Framsóknarflokkinn bera „ábyrgð fyrir að hafa ekki gagnrýnt vöxt fjármálakerfisins og ekki komið auga á að græðgin og taumleysið var að fara gjörsamlega úr böndunum“.

Sigmundur Davíð sagði fram-sóknarmenn hafa átt von á því



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

að vera umfjöllunar-efni í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en að þeir hafi fyrir löngu hafið sitt eigið uppgjör, meðal annars með mannbreytingum og nýrri stefnumótun.

„Reyndar kvað svo rammt að sjálfsgagnrýn-inni í flokknum að niðurstaða skýrslunnar virkar nánast léttvæg í samanburði. Hin raunverulega uppreisn æru flokksins er hins vegar fólgin í því að flokkurinn skyldi fyrstur viðurkenna afdráttarlausu að hann ætti hlut í því sem fór úrskeiðis og grípa til ráðstafa-na að eigin frumkvæði,“ sagði formaður Framsóknarflokksins í ræðu sinni.

- gar



NEFNDIN „Varla þarf að ræða það að Jón Ásgeir Jóhannesson, Björgólfur Guðmundsson og Bakkavararbræðurnir [Ágúst og Lýður Guðmundssynir] réðu ekki við eignarhald á bönkunum. Sjálfir voru þeir í fararbroddi við hömlulausa þenslu útlána sem felldu bankana,“ segir í 8. kafla skýrslu rannsóknarnefndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forðuðust að spilla sök

Rannsóknarnefnd Alþingis þurfti að gæta þess að spilla ekki fyrir möguleikum sérstaks saksóknara á að höfða refsímál gegn aðilum úr viðskiptalífínu.

RANNSÓKNARSKÝRSLA Þrátt fyrir að rannsóknarnefnd Alþingis setji fram mikið af upplýsingum um vafasama viðskiptahætti aðaleigenda bankanna og eignarhaldsfélaga þeirra lagði nefndin litla áherslu á að taka skýrslur af þessum sömu aðilum. Þó var áhersla lögð á að ræða við þá um samskipti þeirra við stjórnvöld þar sem störf stjórnvalda voru í brennidepli nefndarinnar.

Viðmælendur Fréttablaðsins meðal lögmanna segja að skýringarinnar á þessu sé að leita í 14. grein laga um störf rannsóknarnefndarinnar. Þar segir: „Ekki er heimilt að nota upplýsingar sem einstaklingur hefur veitt nefndinni sem sönnunargagn í sakamáli sem höfðað er gegn honum.“

Ítarlegar skýrslutökur hjá nefndinni hefðu þess vegna getað valdið sakarspjöllum og getað dregið úr líkum á að þessir aðilar fengju refsíðoma. Slíkar skýrslur hefðu aðeins flækt réttarstöðuna, þrengt

möguleika sérstaks saksóknara og auðveldað lögmönnum sakborn-inga að halda gögnum og upplýsingum utan við dómsalinn.

Sem dæmi er nefnt að í yfir-heyrslu sinni yfir Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, aðaleiganda Glitnis, virðist nefndin eingöngu hafa spurt um aðdraganda þess að ríkið yfirtók hlutabréf í Glitni. Ekki virðist hafa verið spurt um viðskipti sem Jón Ásgeir tók þátt í, aðeins þessi samskipti hans við stjórnvöld í aðdraganda yfirtökunnar. Störf stjórnvalda voru enda í brennidepli nefndarinnar og niðurstaðan varð sú að þau hefðu van-rækt starfsskyldur sínar.

Markmið nefndarinnar var að afla gagna svo að Alþingi gæti ákveðið hvort tilefni væri til frekari aðgerða gegn stjórnvöldum; ráðherrum og embættismönnum. Lögreglurannsóknir og saksókn yfir viðskiptamönnum voru annað mál, á konnu sérstaks saksóknara.

peturg@frettabladid.is

Skattskrár vegna álagningar 2009 sem og virðisaukaskattsskrár vegna tekjuársins 2008 verða lagðar fram 26. apríl 2010

Skrárnar, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi, liggja frammi á skattstofum eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 26. apríl til 7. maí 2010 að báðum dögum meðtöldum.

Framlagning skattskrár er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 og 46. gr. laga nr. 50/1988.

26. apríl 2010

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri



UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA



Sruli Recht hönnuður



50 kassar



Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddí.is

- jhh

Ráðstefna um skýrsluna: Dæmi um refsiverða háttsemi

RANNSÓKNARSKÝRSLA Mikilvægar vísbendingar um umfangsmikla refsiverða háttsemi í rekstri fjármálastofnana og tengdra aðila er að finna í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þetta er meðal þess sem fram kom í erindi Sigurðar Tómasar Magnússonar, prófessors við Háskólann í Reykjavík, á ráðstefnu um rannsóknarskýrsluna sem fram fór um helgina og haldin var í samstarfi Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst.

Sigurður Tómas tók fram að skýrslan hefði þó ekki að geyma sönnunargögn sem myndu duga til sakfellingar fyrir dómi. Skýrslan gæti á hinn bóginn hjálpað til við öflun sönnunargagna.

Sumarið er komið í umferð

Sumardekkin færðu hjá okkur!



**Vaxtalaus lán frá Visa og
Mastercard í allt að 12 mánuði**

TOYO TIRES

accelera

BFGoodrich[®]
Tires



**Ódýr gæðadekk!
Verð frá kr. 7.990 stk.**



TOYO TIRES:
Hágæða japönsk
dekk sem slegið
hafa í gegn á Íslandi!

BFGoodrich:
Hágæða jeppadekk



**Bílabúð
Benna**

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

Alvarlegir veikleikar í stjórnsýslunni

Það er ein af niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis að alvarlegir veikleikar hafi verið í íslenskri stjórnsýslu og stjórnsiðir hafi verið óvandaðir í aðdraganda bankahrunsins. Vinnuhópur um siðferði og starfshætti fjallar sérstaklega um þetta atriði og greinir vandann niður af nákvæmni.

Árið 2006 setti Alþingi á fót nefnd sem átti að vera vettvangur upplýsingaöflunar og skoðanaskipta varðandi fjármálalífið. Átti þessi hópur að vera í fararbroddi ef blikur væru á lofti og koma með tillögur. Hópurinn var samansettur af fulltrúum frá Fjármálaeftirlitinu (FME), Seðlabankanum (SÍ) auk þriggja ráðuneytisstjóra frá forsætis-, viðskipta- og fjármálaráðuneytinu. Samráðshópurinn brást þessu hlutverki sínu og er lýsandi dæmi um galla innan stjórnsýslunnar, segir í greiningu hópsins.

Skortur á frumkvæði og ábyrgð

Fjölmargir þeirra sem komu fyrir rannsóknarnefndina lýsa því að stjórnvöld töldu sig skorta valdheimildir til að taka hart á böknunum.

Í raun bendir hver á annan. Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, sagði fyrir nefndinni að samráðshópurinn hafi aldrei kallað eftir ákvörðunum frá stjórn-



GEIR OG INGIBJÖRG Í NÓVEMBER 2008 Óttinn við að valda áfalli olli „pólitískri lömunarveiki“ er meðal þess sem kemur fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Kjarkleysi og skortur á frumkvæði hafi einkennt viðbrögð þeirra sem mesta ábyrgð báru.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

völdum, enda „ekki þarna í valdi stjórnvalda að mínum dómi“, eins og Geir orðaði það. Hann sagði að FME hefði skort lagaheimildir til að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja og það hafi verið á konnu viðskiptaráðuneytisins

að bæta úr því. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, hafði svarað því til í sjónvarpsviðtali að hún væri bara stjórnmalamaður og þeir yrðu að reida sig á eftirlitsaðilana. Hún vildi meina að SÍ hefði frum-

kvæðisskyldu gagnvart stjórnvöldum um styrkingu bankakerfisins. Davíð Oddsson sagði hvergi minnst á SÍ í lögum um fjármálafyrirtæki og benti á FME. Forstjóri FME sagði hins vegar fyrir nefndinni að ekkert hefði komið frá stjórnvöldum um „eftir hvaða aðferðum ætti að vinna“.

Þessa hringekju skýra nefndarmenn að hluta með þeirri staðreynd að málefni bankanna voru sáralítið rædd á ríkisstjórnarfundum, eins og oddvitar stjórnarflökkanna og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra vitnuðu öll um fyrir nefndinni.

Sjálfstæði/ofríki

Einn er sá þáttur sem vinnuhópurinn telur að rannsaka verði sérstaklega, enda sé um alvarlega misfelli í stjórnsýslunni að ræða. Embættismenn, sem ekki vildu koma fram undir nafni, lýsa því að ráðherrar kæri sig lítið um faglegt sjálfstæði innan stjórnsýslunnar og þeir líti jafnan á stofnanir sem undir þá heyra sem framlengingu af ráðuneytinu „og vilji að embættismenn og starfsmenn stofnana lúti pólitísku valdi sínu“.

Eins kemur fram í skrifum vinnuhóps um siðferði og starfreglur að sumir embættismenn hafi sérkennilega mikið sjálfstæði gagnvart stjórnmalamönnum og framganga þeirra einkennist af ofríki. Stjórnsýslan, eins og hún birtist nefndinni, einkennist oft á tíðum af því að vera pólitískur vettvangur þar sem keppt er um áhrif.

Það gangi hins vegar þvert á þá fagmennsku sem þar ætti að ráða ríkjum.

Pólitískar ráðningar

Eitt höfuðmeiðni íslenskrar stjórnsýslu eru pólitískar ráðningar, að mati vinnuhópsins. Þar má finna ástæðuna fyrir ofríki embættismanna gagnvart stjórnmalamönnum sem fyrr var lýst. Ráðning Davíðs Oddssonar sem seðlabankastjóra er tekin sem dæmi um alvarlegar afleiðingar pólitískra ráðninga í atburðarásinni fyrir fall bankanna.

Ljóst er að mikil tortryggni og vantraust var ríkjandi í stjórnkerfinu á þeim tíma sem taka þurfti afdrifaríkar ákvarðanir. Það varð þess valdandi að samskipti voru óeðlileg innan ríkisstjórnarinnar og milli hennar og lykilstofnana. Þetta torveldaði lykilmönnum að vinna sína vinnu með þeim hætti sem hægt var að ætlast til.

Stjórnsýsla - Lærdómar

- Efla þarf fagmennsku og stórbæta vinnubrögð innan stjórnsýslunnar, svo sem með vandaðri gagnafærslu og skýrari boðleiðum milli embættismanna og stjórnmalamanna.
- Stjórnmalamenn og embættismenn þurfa að setja sér siðareglur sem draga fram og skerpa þá ábyrgð og þær skyldur sem felast í störfum þeirra
- Efla þarf þá hugsun meðal stjórnmalamanna að starf þeirra er öðru fremur þjónusta við almannaheill.
- Takmarka þarf pólitískar ráðningar innan stjórnsýslunnar við aðstoðarmenn ráðherra, eins og kveðið er á um í lögum.
- Skerpa þarf ákvæði um ráðherraábyrgð, svo sem með því að skýra upplýsingaskyldur ráðherra gagnvart Alþingi og ríkisstjórn.

Skortur á fagmennsku

Nefndarmenn segja það ekki síst skera í augun hversu lítið var gert til að undirbúa ákvarðanir með nákvæmum upplýsingum um stöðu mála. Dæmi um slíkt er hin afdrifaríka ákvörðun um yfirtöku Glitnis án útreikninga eða mats á áhrifum slíkrar ákvörðunar á aðra banka. Vinnubrögðin innan stjórnsýslunnar kristallast í því að lítið sem engin gögn eru til um mikilvæg mál, eins og Glitnisyfirtökuna. Vantraustið á milli manna birtist í þessu atriði og óttinn við að viðkvæmar upplýsingar myndu leka út. Þessi skortur á skráningu og skjalafærslu dregur úr gagnsæi í stjórnkerfinu og hamlar þar með lýðræðislegum stjórnarháttum. Ein skýring á slægrei gagnafærslu kann að vera sú að stjórnmal- og embættismenn gera ekki ráð fyrir því að þurfa að gera grein fyrir ákvörðunum sínum síðar meir, segir í skýrslunni. Svo virðist einnig að skortur á skriflegum gögnum tengist líka kunningjasambandi manna innan stjórnsýslunnar.

Óttinn við að valda áfalli

Skortur á fagmennsku og óformleg vinnubrögð telur nefndin lýsa óeðlilegri samstöðu á milli eftirlitsaðila og þeirra sem ber að hafa eftirlit með. Vegna þessa varð til meðvirkni sem má skýra með því að allir voru hræddir um að ef hið sanna kæmi í ljós gæti það eitt og sér valdið falli bankanna. Enginn vildi bera ábyrgð á því og fyrir vikið myndaðist samtryggingarástand um að láta sem allt væri með felldu.

„Óttinn við að valda áfalli afhjúpar einkennilega stöðu innan íslenska stjórnkerfisins í aðdraganda bankahrunsins. Annars vegar er óttinn til marks um það að menn viti hve alvarleg staðan er; hins vegar gerir hann það að verkum að menn veita ekki réttar upplýsingar og stuðla þar með í raun að því að ástandið versnar“, segir í skýrslunni.

Þessi ótti við að valda áfalli segja nefndarmenn að hafi valdið „pólitískri lömunarveiki“. Stjórnmalamenn og embættismenn standa frammi fyrir bankakerfi sem leyft hafði verið að vaxa langt umfram getu stjórnvalda til að ráða við það.

Kjarkleysi og skortur á frumkvæði einkenna viðbrögð þeirra sem mesta ábyrgð báru. Niðurstaða vinnuhópsins er að skýringa sé að hluta að leita í slæmri embættisfærslu og vanþroskuðum stjórnsýslum. Hins vegar liggja ábyrgðin á því hvernig haldið var á málum í stjórnkerfinu þó fyrst og síðast hjá oddvitum stjórnarflokkanna, helstu fagráðherrum og ráðuneytisstjórum.

svavar@frettabladid.is



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

VILTU LÆRA MEIRA?

Háskólinn á Akureyri býður framhaldsnám á öllum sviðum

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

- ▶ Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum
 - M.S. í heilbrigðisvísindum
 - Diplómunám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- ▶ Heimskaualögfræði L.L.M/M.A.
- ▶ Kennslufræði til kennsluréttinda
- ▶ Menntunarfræði
 - Diplómunám í menntunarfræðum (60 einingar)
 - M.Ed. í menntunarfræðum
 - M.A. í menntunarfræðum

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

- ▶ M.S. í auðlindafræði
- ▶ M.S. í viðskiptafræði

Engin skólagjöld, skrásetningargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.
Nánari upplýsingar á www.unak.is eða í síma 460 8000

www.unak.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní

Sumargleði!



20 til 30%
afsláttur af öllum vörum



B&S | Kringlunni 553 4141

SAND

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

RALPH LAUREN

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar skýtur í kaf ýmsar hugmyndir um orsakir hrunsins.

Dellukenningar

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis setur í nýtt ljós ýmsar vinsælar hugmyndir, sem settar voru eftir banka-hrunið um orsakir þess. Óhætt er að segja að sumar þeirra skýtur hún í kaf.

Þar á meðal er kenningin, sem ýmsir forkólfar föllnu bankanna og stjórnámamenn sömuleiðis hafa haldið á lofti, að íslenska bankakerfið hafi ekki verið í neitt sérstaklega vondum málum haustið 2008, það hafi bara ekki staðizt hina alþjóðlegu fjármálakreppu.

Sérhverjum lesanda rannsóknarskýrslunnar má vera ljóst að þessi kenning á sér enga stoð í raunveruleikanum. Torveldara aðgengi að lánsfé á alþjóðavettvangi gerði íslensku bönkunum lífið vissulega erfiðara. En bankakerfið var annars vegar orðið alltof stórt, hins vegar var það rotið að innan, meðal annars vegna krosseignatengsla og eigna, sem skömmtuðu sjálfum sér lán og juku þannig áhættu kerfisins. Stjórnvöld höfðu þurft að grípa í taumana strax árið 2006 en gerðu það ekki. Vandí bankanna var með öðrum orðum heimatilbúinn vandi.

Önnur kenning, sem fær lítinn stuðning í rannsóknarskýrslunni, er umsáturskenningin um að stjórnvöld í nágrannaríkjum hafi ekki viljað koma Íslandi til bjargar þegar mest á reið og þannig átt sinn þátt í að keyra hagkerfið í kaf.

Önnur mynd birtist við lestur skýrslunnar; nágrannaríkin voru reiðubúin að hjálpa, en kröfðust þess um leið að íslensk stjórnvöld gripu til aðgerða til að draga úr áhættu bankakerfisins. Norrænu seðlabankarnir lánuðu Íslandi peninga, gegn skjalfestum loforðum ráðherra og seðlabankastjóra um umbætur. Peningarnir skiluðu sér, en lítið varð úr efndum loforðanna. Seðlabankastjóri Bretlands bauð fram aðstoð við að minnka íslenska bankakerfið. Því tilboði var aldrei svarað. Undir lokin nutu íslensk stjórnvöld og eftirlitsstofnanir mjög lítils trausts á alþjóðlegum vettvangi. Þetta voru líka heimabökuð vandræði.

Þriðja dellukenningin er að vegna regluverks Evrópska efnahagssvæðisins hafi stjórnvöld ekki getað gripið í taumana og stöðvað bankana af. Þetta skýtur rannsóknarnefndin skipulega í kaf; sýnir fram á að íslensk stjórnvöld höfðu svigrúm til að setja sérstakar reglur sem hefðu dregið úr svigrúmi og áhættu bankanna og tekið mið af sérstökum aðstæðum hér á landi, til dæmis varðandi hagsmunatengsl og þröngt eignarhald. Undirhópur rannsóknarnefndarinnar um siðferði bendir raunar á að stjórnvöldum hafi aldrei hugkvæmt að efna til neinnar úttekta á því hvaða sérreglur Íslandi var heimilt að hafa um fjármálamarkaðinn, innan ramma EES-löggjafarinnar.

Einn stærsti kostur rannsóknarskýrslunnar er hversu miklar upplýsingar hún birtir. Það gerir fólki kleift að ræða um hrun bankakerfisins á grundvelli staðreynda, en ekki kenninga sem slegið var fram á grundvelli takmarkaðra upplýsinga og almenn-ingur hafði litlar forsendur til að leggja mat á.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLÉAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edvald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sérhönnuð hárvörulína fyrir

SLÉTTAN STÍL



Til að ná hárinu sléttu og glansandi
ver hárið gegn hita

TONI & GUY

HANNAÐ AF FAGFÓLKI - Á VERÐI FYRIR ÞIG

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hef ekki tíma


„Ég er bara alveg upptekinn.“ Svo svaraði Halldór Ásgrímsson blaðamanni Vísis þegar hann spurði hann út í skýrslu rannsóknarnefndarinnar í gær. Hafði bara ekki tíma, mikið að gera hjá Halldóri. Nefndin taldi að margar ákvarðanir ríkisstjórnar Halldórs og Davíðs Oddssonar hefðu haft mikið að segja við hrunið. Ákvarðanir hefðu verið teknar með pólitíska hagsmuni í huga og jafnvel með þeirri vitneskju að þær kæmu þjóðinni illa. Bara ekki flokknum. En Halldór hefur engan tíma til að svara fyrir það. Hann er í útlandinu.

Reglurnar brotnar

Mikið hefur mætt á þeim frambjóðendum sem upplýst hefur verið að þáðu milljónatugi frá bönkunum í prófkjörsbaráttu sinni. Athyglisvert var að sjá þegar upplýst var að um prófkjör Samfylkingarinnar árið 2006 hefðu gilt reglur varðandi útgjöld. Frambjóðendur og stuðningsmenn áttu að verja að hámarki milljón króna. Ljóst er að margir þverbrutu þær reglur, á meðan aðrir virtu þær. Íþróttamenn sem svindla eru sviptir verðlaunum, á það líka að gilda um þingmenn?

Vantaði reglur

Og meira um prófkjör. Guðlaugur Þór Þórðarson fór yfir sín styrkjámál í ítarlegu samtali við DV um helgina. Hann sagðist hafa farið eftir ströngu reglum og fylgt þeim til hins ýrasta. Eftir á að hyggja hafi styrkirirnir þó verið of háir. „Mistökinn sem við gerðum er að við áttum fyrir að koma með reglur út af prófkjörum.“ Þurfti Guðlaugur Þór virkilega reglur til að segja sér að kannski væri óeðlilegt að þiggja um 25 milljónir í styrki? Þetta hljómar óþægilega líkt afsökun bankamanna um að þeir hafi ekki verið stöðvaðir með reglum. kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Betri tíð

Fjárhagur Akureyrar



Hermann Jón Tómasson
bæjarstjóri á Akureyri

Nú er sumarið formlega gengið í garð þótt kalt sé enn á Íslandi. Ýmislegt bendir til þess að bráðum komi betri tíð með blóm í haga og nýr ársreikningur Akureyrarbæjar, fyrir árið 2009, gefur sannarlega góð fyrirheit. Þar hefur orðið mikill viðsnúningur sem ber að þakka: Í stað tæplega 900 milljóna króna halla sem virtist blasa við í kjölfar banka-hrunsins, er tekjuafgangur af rekstri Akureyrarbæjar og fyrirtækja í eigu hans rétt um 1.165 milljónir króna. Það munar um minna þegar árar eins og nú gerir.

“Ég gat ekki einu sinni talað hérna fyrstu tíu mínúturnar eftir að þessu lauk, ég var bara gjörsamlega búin á því.

HRAFNHILDUR ÓSK SKÚLADÓTTIR
LEIKMAÐUR VALS

án hefur átt góðu gengi að fagna með liði sínu en Valsliðið varð einnig deildarmeistari í vetur.

„Þessi titill er frábær en deildarmeistaratitillinn er stór og það voru 24 leikir svo ég var mjög ánægður að vinna hann. Þetta er bara búið að vera frábært tímabil,“ bætti Stefán við. Mikið var

talað um eftir leik að hans lið hafi spilað grófan handbolta og lið hans jafnvel komist upp með of mikið í leiknum, hann var ekki sammála því.

„Ég er algjörlega ósammála því að við séum að spila gróft. Við erum ekki gróft lið og ég er búinn að þurfa að hlusta á þetta í allan vetur. Þetta var bara harður leikur og bæði lið spiluðu fast en þannig eru líka úrslitaleikir um Íslandsmeistaratitilinn. Mér fannst leiðinlegt að Stella Sigurðardóttir gat ekki klárað leikinn vegna meiðsla, enda frábær leikmaður og það atvik var það eina sem skyggði á þennan frábæra handboltaleik hér í dag,“ sagði Stefán að lokum. - rog

Einar Jónsson, þjálfari Fram, var alls ekki sáttur við dómgæsluna í úrslitaeinvíginu gegn Val:

Berglind og dómararnir kláruðu einvígið

HANDBOLTI „Ég er gríðarlega sáttur við stelpurnar, umgjörðin frábær og liðið að spila mjög vel. Við brugðumst mjög vel við þegar Stella Sigurðardóttir er rotuð í leiknum. Hún fékk heilahristing enda bara kýld köld. Mér fannst lélegt að sjá Hrafnhildi Skúladóttur standa yfir henni hlæjandi eftir að hafa rotað hana. En við sýndum mikinn karakter og ég er gríðarlega stoltur af stelpunum,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir úrslitarímmu Fram og Vals.

„Mér hefur aldrei fundist brotið eins mikið á mér á ævinni. Það eru

leikmenn uppi á sjúkrahúsi leik eftir leik og ég skil ekki hvernig hægt er að komast upp með það að kýla andstæðinginn í andlit og ekkert er dæmt. Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson voru ömurlegir vægast sagt en finnst þeir þó hafa staðið sig hvað best af dómurinum í vetur,“ bætti Einar við.

„Berglind Íris er búin að vera frábær í þessum einvígum og hún ásamt dómurinum kláruðu þessa rímmu. Okkur var bara ýtt út og ég er ekki einn á því máli. Bara í þessum leik liggja tveir leikmenn


eftir að hafa verið kýldir í andlit og í síðasta leik var það sama upp á teningnum. Þær eru bara barðar í andlit og eftir og eftir og við berum ummerki þess. En þetta virðist duga og á meðan menn komast upp með það þá hlýtur

ÓSÁTTUR ÞJÁLFARI
Einar Jónsson, þjálfari Fram.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

það að virka,“ sagði Einar. Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, leikmaður Vals, sendi Einari tóninn eftir leik og sagði að nú væri ljóst hvort liðið væri betra.

„Ég get bara sagt þér það að ég ætla ekki að horfa einu sinni enn framan í smettið á þessum þjálfara Fram og hlusta á hann segja að þær séu betri, bara aldrei aftur. Nú jarðaði ég hann, nú er þetta komið og éttu það, Einar.“ - rog

Spíðheitt sumar



Magnaður maí á Stöð 2

Frábært sumartilboð
Stöð 2 og Stöð 2 Extra á aðeins
6.320 kr á mánuði í þrjá mánuði
ef greitt er með VISA Kreditkort.

VISA

Það er ódýrára
að ferðast
heima í sumar



skemmtilegri

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

Úrslitakeppni, lokaúrslit, 3. leikur:
Keflavík - Snæfell 85-100 (36-47)
Stig Keflavíkur: Nick Bradford 26, Hördur Axel Vilhjálmsson 20, Urule Igðavboa 13, Gunnar Ein- arsson 11, Sigurður Þorsteinsson 11, Jón Nortal Hafsteinsson 4.
Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 29 (13 frák.), Sigurður Þorvaldsson 17, Martins Berkis 14, Jeb lvey 11, Jón Ólafur Jónsson 10, Pálmi Freyr Sigur- geirsson 7, Emil Þór Jóhannsson 7, Egill Egilsson 3, Páll Fannar Helgason 2.
Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Snæfell.

N1-deild karla

Úrslitakeppni, undanúrslit, 2. leikur:
HK - Haukar 19-21 (9-11)
Mörk HK: Atli Ævar Ingólfsson 9, Sverrir Her- mannsson 3, Bjarki Már Gunnarsson 2, Atli Karl Bachmann 2, Bjarki Már Elísson 1, Ólafur Víðir Ólafsson 1, Hákon Bridde 1.
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 24/1.
Mörk Hauka: Björgvin Hólmgeirsson 7, Elías Már Halldórsson 4, Sigurbergur Sveinsson 3, Einar Örn Jónsson 2, Pétur Pálsson 2, Guðmundur Árni Ólafsson 1/1, Freyr Brynjarsson 1.
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 17/1.
Haukar unnu einvígið, 2-0.

Akureyri - Valur 25-31 (9-13)
Mörk Akureyrar: Oddur Grétarsson 8/4, Heimir Þór Árnason 7/1, Hördur Fannar Sigþórsson 4, Guðmundur Hólmur Helgason 3, Hreinn Þór Hauksson 1, Geir Guðmundsson 1, Jónatan Þór Magnússon 1.
Varin skot: Hördur Flóki Ólafsson 8, Hafþór Einarsson 6.
Mörk Vals: Arnór Þór Gunnarsson 9/4, Fannar Þór Friðgeirsson 9/1, Sigurður Eggertsson 5, Baldvín Þorsteinsson 4, Elvar Friðriksson 2, Ingvar Árnason 1, Jón Björgvin Pétursson 1.
Varin skot: Hlynur Morthens 20.
Staðan í einvíginu er jöfn, 1-1.

Enska úrvalsdeildin

Bolton - Portsmouth 2-2
1-0 Ivan Klasnic (25.), 2-0 Kevin Davies (27.), 2-1 Aruna Dindane (54.), 2-2 Aruna Dindane (67.).
Hull City - Sunderland 0-1
0-1 Darren Bent (6.).
Manchester United - Tottenham 3-1
1-0 Ryan Giggs (57.), 1-1 Ledley King (69.), 2-1 Nani (80.), 3-1 Ryan Giggs (85.).
West Ham - Wigan 3-2
1-1 Ilan (30.), 2-1 Radoslav Kovac (49.), 2-2 Hugo Rodallega (51.), 3-2 Scott Parker (76.).
Wolves - Blackburn 1-1
0-1 Ryan Nelsen (27.), 1-1 Sylvan Ebanks-Blake (80.).
Aston Villa - Birmingham 1-0
1-0 James Milner, víti (83.).
Burnley - Liverpool 0-4
0-1 Steven Gerrard (51.), 0-2 Gerrard (58.), 0-3 Maxi Rodríguez (73.), 0-4 Ryan Babel (93.).
Chelsea - Stoke City 7-0
1-0 Salomon Kalou (23.), 2-0 Kalou (30.), 3-0 Frank Lampard (43.), 4-0 Kalou (67.), 5-0 Lamp- ard (80.), 5-0 Frank Lampard (81.), 6-0 Daniel Sturridge (86.), 7-0 Florent Malouda (88.).
Everton - Fulham 2-1
0-1 Erik Nevland (35.), 1-1 Victor Anichebe (49.), 2-1 Mikel Arteta, víti (93.)

STADAN						
Chelsea	36	25	5	6	93-32	80
Man. United	36	25	4	7	81-28	79
Arsenal	36	22	6	8	78-39	72
Tottenham	35	19	7	9	63-37	64
Aston Villa	36	17	13	6	51-35	64
Man. City	35	17	12	6	69-42	63
Liverpool	36	18	8	10	61-33	62
Everton	36	15	12	9	59-49	57
Birmingham	36	12	11	13	35-44	47
Sunderland	36	11	11	14	47-53	44
Blackburn	36	11	11	14	38-54	44
Fulham	35	11	10	14	36-39	43
Stoke City	35	10	13	12	33-44	43
Bolton	36	9	9	18	40-65	36
Wolvess	36	8	11	17	29-52	35
Wigan	36	9	8	19	35-69	35
West Ham	36	8	10	18	44-62	34
Hull City	36	6	10	20	32-73	28
Burnley	36	7	6	23	37-78	27
Portsmouth	36	6	7	23	31-64	16

Enska B-deildin

Barnsley - QPR 0-1
Bristol City - Derby 2-1
Cardiff - Sheffield Wednesday 2-1
Doncaster - Scunthorpe 4-3
Middlesbrough - Coventry 1-1
Newcastle - Ipswich 2-2
Nottingham Forest - Plymouth 3-0
Peterborough - Blackpool 0-1
Preston North End - Leicester City 0-1
Sheffield United - Swansea 2-0
Watford - Reading 3-0

STAÐA EFSTU LIÐA						
Newcastle	45	29	12	4	89-35	99
West Brom	44	26	11	7	87-46	89
Notf. Forest	45	22	12	11	63-38	78
Cardiff	45	22	10	13	73-52	76
Leicester	45	20	13	12	59-45	73
Blackpool	45	19	12	14	73-57	69
Swansea	45	17	17	11	40-37	68
M'brough	45	16	14	15	58-48	62
Sheff. United	45	16	14	15	59-55	62

Íslendingar víða í eldlínunni í Evrópukeppnunum í handbolta um helgina:

Kiel marðði sigur á Rhein-Neckar Löwen

HANDBOLTI Fjórðungsúrslitin í Meistaradeild Evrópu í handbolta hófust um helgina með þremur leikjum. Eftir helgina standa Bar- celona, Hamburg og Kiel vel að vígi fyrir síðari leikina. Alfreð Gíslason og lærisvein- ar hans í Kiel hófu rimmu sína gegn öðru Íslendingaliði, Rhein- Neckar Löwen, á útivelli og fögn- uðu þar naumum sigri, 29-28. Kiel var með yfirhöndina lengst af en lokamínútur leiksins voru jafnar og spennandi. Að lokum var það tékkneska stórskyttan Filip Jicha sem tryggði Kiel sigur með marki á lokasekúndunum.



FILIP JICHA Tryggði Kiel sigur á Rhein-Neckar Löwen í gær.

Snorri Steinn Guðjónsson skor- aði tvö mörk fyrir Löwen í leiknum og Ólafur Stefánsson eitt. Barcelona vann Veszprem frá

Ungverjalandi á heimavelli með sex marka mun og topplið þýsku úrvalsdeildarinnar, Hamburg, vann góðan sigur á Evrópumeist- urum Ciudad Real á heimavelli, 26-22. Bæði Barcelona og Hamb- urg eiga þó erfiða útileiki eftir. Í undanúrslitum EHF-bikar- keppninnar var annar Íslendinga- slagur þegar að Flensburg tók á móti Kadetten Schaffhausen á heimavelli. Björgvin Páll Gúst- avsson átti ágætan leik í marki síð- arnefnda liðsins sem tapaði leikn- um naumlega, 31-30, með því að fá síðustu þrjú mörkin á sig. Alexand- er Petersson skoraði fjögur mörk

fyrir Flensburg og gerbreytti leik liðsins í síðari hálfleik. Í hinni undanúrslitarimmunni mættust Naturhouse La Rioja og Lemgo á Spáni. Naturhouse vann leikinn, 30-25, en þessi lið mætast aftur í Þýskalandi í næstu viku. Vignir Svavarsson lék með Lemgo án þess að skora en Logi Geirsson var ekki í leikmannahópi liðsins. Róbert Gunnarsson skoraði tvö mörk fyrir Gummersbach sem vann San Antonio frá Spáni, 30-26, í undanúrslitum í Evrópukeppni bik- arhafa. Leikið var í Þýskalandi og biður því Róberti og félögum erfitt verkefni í síðari leiknum.

Gott að titillinn er í okkar höndum

Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri Chelsea, sagði eftir 7-0 stórsigur sinna manna á Stoke í gær að það væri undir þeim sjálfum komið að vinna enska meistaratilinn. Burnley féll úr ensku úrvalsdeildinni í gær.

FÓTBOLTI Chelsea endurheimti í gær toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar með 7-0 stórsigri á Stoke á heima- velli sínum eftir að Manchester United hafði skotist á toppinn í sól- arhring.

United fagnaði góðum sigri á Tottenham á laugardaginn, 3-1, og sá til þess að Chelsea mætti ekkert misstíga sig í toppbaráttunni. Þeir bláklæddu sendu svo meist- urunum núverandi skýr skilaboð með því að slátra Stoke. „Við vorum mjög agaðir allar 90 mínúturnar,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chel- sea, eftir leikinn. „Við spiluðum vel og vorum fljótir. Ég er ánægð- ur með það.“

Markatala Chelsea er nú tals- vert betri en hjá United en aðeins munar einu stigi á liðunum þegar tvær umferðir eru eftir af tímabil- inu. En Ancelotti telur ekki að titil- baráttan muni ráðast á markatölu. „Það verður eitt lið sem mun lenda í fyrsta sæti og annað sem verður í öðru sæti. Við höfum skor- að mörg mörk á tímabilinu og ég held að þau séu nú orðin 93 tals- ins. Það er mjög góður árangur hjá okkur.“

Ancelotti segir enn fremur að það sé jákvætt að það sé undir þeim sjálfum komið að landa titlin- um í vor. Liðið mætir Liverpool á útivelli um næstu helgi. „Þetta verður mjög erf- itt gegn Liverpool enda liðið í mjög strangri baráttu um fjórða sæti deildarinnar. En titil- baráttan er undir okkur sjálfum komið og það er gott að geta verið í þeirri aðstöðu. Ég er því nokkuð rólegur.“

GIGGS Skoraði tvö um helg- ina, bæði úr vítum.



MEISTARAEFNI Frank Lampard og félagar hans í Chelsea skoruðu sjö mörk gegn Stoke í gær og tróna enn á toppi deildarinnar.

Þeir Ryan Giggs og Nani sáu um að afgreiða Tottenham um helgina en Manchest- er United varð fyrir áfalli fyrir leik er í ljós kom að Wayne Roon- ey væri meidd- ur á nára og yrði líklega ekki meira með á tíma- bilinu. Einnig er nú efast um að hann verði orðinn leikfær áður en HM í Suður-Afríku hefst í sumar. „Það er erfitt að meta hve- nær Rooney geti spilað aftur,“ sagði Alex Ferguson, stjóri Unit-

ed. „Í hreinskilni sagt mun það lík- lega taka um tvær eða þrjár vikur. Hann vill sjálfur ólmur fá að spila en við verðum bara að sjá til.“ Baráttan um fjórða sæti deildar- innar harðnaði enn en aðeins tvö stig skilja að liðin í 4.-7. sæti. Tot- tenham og Manchester City eiga þó leik til góða en þau eiga eftir að mætast innbyrðis. Nánast öruggt er að Arsenal verði í þriðja sæti deildarinnar en liðið gerði markalaust jafntefli við City á laugardaginn. Liverpool er enn í sjöunda sæt- inu, tveimur stigum á eftir Totten- ham og Aston Villa og stigi á eftir city. Liverpool vann 4-0 sigur á Burnley í gær sem um leið féll úr ensku úrvalsdeildinni. „Leikmenn eru óhuggandi. Það er

hræðileg tilfinning að þurfa að upp- lifa að falla úr úrvalsdeildinni. Þeir mega þó ekki gleyma því að það var frábært afrek að komast upp í hóp þeirra bestu,“ sagði Brian Laws, stjóri Burnley. Burnley mun því fylgja Port- smouth niður um deild og nánast öruggt er að Hull fari sömu leið. Liðið tapaði fyrir West Ham, 3-2, á laugardaginn og þarf nú að treysta á kraftaverk til að halda sér uppi. Everton er nú öruggt í áttunda sæti deildarinnar eftir 2-1 sigur á Fulham þar sem sigurmarkið kom úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Ólík- legt er þó að liðið nái upp í sjöunda sæti þar sem Everton er nú fimm stigum á eftir Liverpool þegar bæði lið eiga tvo leiki eftir.

eirukur@frettabladid.is

Snæfellingar geta tryggt sér Íslandsmeistaratilinn í körfubolta með sigri á Keflavík í Stykkishólmi í kvöld:

Snæfell í lykilstöðu eftir sigur í Keflavík

KÖRFUBOLTI Snæfellingar geta tryggt sér Íslandsmeistaratitil- inn í körfubolta karla í fyrsta sinn í sögu félagsins í kvöld er liðið mætir Keflavík í fjórða leik lið- anna í úrslitarimmu þeirra um titilinn. Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Snæfell eftir góðan útisigur liðsins á Keflavík á laugardaginn, 100-85. Snæfell var með undirtökin allan leikinn og átti Hlynur Bæringsson stórleik auk þess sem liðið allt lék vel í leiknum. Keflvíkingar voru lengi í gang en voru þó nálægt því að snúa leiknum sér í hag í þriðja leikhluta. Nick Bradford lék þá sinn fyrsta leik fyrir Keflavík eftir að geng- ið var frá félagaskiptum hans frá Njarðvík daginn áður vegna meiðsla Draelon Burns. Bradford átti góðan leik og var stigahæst- ur Keflvíkinga með 26 stig. Hann

fór mikinn í þriðja leikhluta þegar Keflavík gerði harða atlögu að for- ystu Snæfellinga en Hlynur sá til þess að gestirnir misstu aldrei for- ystuna. Snæfellingar náðu svo aftur for- ystunni í upphafi fjórða leikhluta og tryggðu sér dýrmætan sigur í baráttunni um titilinn. „Við vorum duglegir og þétt- ir fyrir í vörninni. Ég var mjög ánægður með að við náðum að fylgja eftir síðasta leik á þenn- an máta,“ sagði Ingi Þór Stein- þórsson, þjálfari Snæfells, eftir leikinn. Keflavík vann fyrsta leikinn í rimmunni örugglega og sumir sem spáðu því að Snæfell myndi ekki ná að svara fyrir sig. Annað hefur komið á daginn. „Ég skil þá mjög vel sem spáðu að Keflavík myndi vinna serí- una 3-0. Eftir fyrsta leikinn var



HLYNUR BÆRINGSSON Skoraði 29 stig og tók þrettán fráköst í Keflavík á laugar- daginn.

nákvæmlega ekkert við okkar leik sem benti til annars. En við höfum

náð að setja tappann í gatið og laga það sem var ekki í lagi.“ Hann neitar því ekki að það yrði sætt að lyfta fyrsta Íslandsmeist- arabikar í sögu Snæfells á heima- velli liðsins í kvöld. „Það er þó langur vegur frá því að þetta sé búið. Keflvíking- ar munu ekki gefa okkur leikinn og munu án nokkurs vafa berjast fyrir sínu. Ég lýsi því eftir hús- fylli enda gefur stuðningur áhorf- enda okkur þann aukakraft sem við þurfum á að halda.“ Guðjón Skúlason, þjálfari Kefla- víkur, sagði mestu hafa munað um að Snæfellingar tóku næstum tvö- falt fleiri fráköst í leiknum. „Við þurfum að vera miklu grimmari. Við vorum einfaldlega ekki nógu miklir naglar. En nú tekur við það verkefni að fara í Stykkishólminn og tryggja okkur oddaleik – sem við ætlum okkur að gera.“

Ertu snillingur?

Skýrr vantar nörda í forritun og viðskiptagreind

Skýrr óskar eftir tveimur forriturum til að starfa í hrikalega frjóum hópi við hugbúnaðarþróun og alls konar sniðugheit. Einnig vantar okkur sérfræðing til starfa í viðskiptagreind.

Í boði eru fjölbreytt og spennandi verkefni hjá traustu fyrirtæki í kraftmiklu og lifandi starfsumhverfi. Leitað er að orkumiklum og jákvæðum einstaklingum, sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni í öflugum hópi.

Skýrr er eitt stærsta hugbúnaðarhús landsins og leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptagreindar. Skýrr hefur gegnum árin þróað fjölmargar eigin lausnir eins og sjá má á vef þess.

Enn fremur er Skýrr samstarfsaðili erlendra risa í upplýsingatækni á borð við Microsoft, Oracle, SAP BusinessObjects, Targit, VeriSign og WebMethods.

Forritun – Hugbúnaðarþróun

Starfslýsing og hæfni


- Forritun í PL/SQL, SQL og Java
- Reynsla af forritun fyrir Oracle gagnagrunna er æskileg
- Gott ef viðkomandi þekkir til OA Framework, ADF Framework (Oracle ADF) eða RAP/ooxdoo
- Menntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða sambærilegs sviðs er kostur
- Plús ef viðkomandi er flinkur pool-spilari
- Fordómar gegn fótbolta og póker óæskilegir

Viðskiptagreind (Business Intelligence)

Starfslýsing og hæfni

- Greining á þörfum viðskiptavina með tilliti til viðskiptagreindar og árangursmælinga
- Hönnun, uppbygging og smíði viðskiptagreindarumhverfa
- Hönnun og smíði skýrslna og mælaborða (Dashboards)
- Greining og ráðgjöf á þörfum viðskiptavina með tilliti til viðskiptagreindar
- Umsjón með innleiðingu og uppsetningu viðskiptagreindarumhverfa
- Þjónusta, kennsla, leiðbeiningar og kynningar um notkun lausnanna
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, viðskiptafræði eða sambærilegs sviðs er kostur
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnu eru nauðsynlegir kostir
- Viðkomandi þarf að vera lífsglaður og notalegur vinnufélagi

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri Skýrr í 569 5100 eða ingibjorg.odinsdottir@skyr.is. Umsóknarfrestur er til og með 10. maí næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum svarað.



Ennisblað

Umsækjandi þarf að búa yfir mikilli framkvæmdafærni, vera með góða rökhugsun og eiga auðvelt með að skipuleggja sig, tjá sig og leysa vandamál viðskiptavina.

Hvirfilblað

Umsækjandi þarf að vera vinnuglaður og eiga auðvelt með að skynja og bregðast við áreiti, hvort sem það er frá viðskiptavinum eða samstarfsfólki.

Hnakkablað

Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með að skilja og lesa skriflegar óskir jafnt samstarfsfólks sem viðskiptavina.

Gagnaugablað

Umsækjandi þarf að hafa gott minni til að viðhalda góðri viðskiptagreind og hafa yfirsýn á umtalsverðan línuþjölda af kóða.

Skýrr í hnotskurn

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Starfsfólk fyrirtækisins er yfir 330 talsins og viðskiptavinir eru um 3.000.

Skýrr býður atvinnulífinu samþættar heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, rekstrar og fjölbreyttrar ráðgjafar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru við Ármúla í Reykjavík.

Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt, jafnréttissinnað og tekur tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Starfsfólkið er samhentur hópur sérfræðinga með jákvætt viðmót og liðsandann í öndvegi. Sveigjanlegur vinnutími er í boði og vinnu-aðstaðan er nútímaleg, opin og þægileg.

Skýrr rekur frábært mötuneyti, með bæði heilsufæði og heimilismat. Fyrsta flokks kaffivélar með sérmöluðum eðalbaunum og sóðavatn þykja sjálfsögð lífsgæði.

Félagslíf innan Skýrr er kraftmikið og líflegt. Óvæntar uppákomur eru tíðar. Aðstaða fyrir börn er góð. Pool-borð, pílukast og tölvuleikjahorn til staðar.

Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

569 5100
skyr@skyr.is

SKÝRR
Velkomin

> Ellen DeGeneres

„Það eina sem hræðir mig meira en tilhugsunin um að það sé líf á öðrum hnöttum er tilhugsunin um að svo sé ekki og að við jarðverurnar séum það greindasta sem til er.“

DeGeneres er einn af dómurum keppinnar American Idol sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 20.10.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR LEITAÐI OG LEITAÐI OG FANN EKKERT

Sumt lélegt og annað gott

Eurovision-þátturinn Alla leið hófst á laugardagskvöld. Páll Óskar stýrir þættinum og ætlað er að sýna okkur áhorfendum eitt árið enn hvernig lögin eru sem taka þátt í Eurovision í ár. Ég fylgdist samviskusamlega með. Eins og vanalega var slatti af glötuðum lögum og svo eitt og eitt ágætt inn á milli. Meðreiðarsveinar Palla, Guðrún, Reynir og dr. Gunni voru líka mishrífir og ekki alltaf sammála. Burt séð frá gæðum laganna þá finnst mér þessi þáttur mjög góð skemmtun. Páll Óskar er ótrúlega finni sjónvarpsmaður – ég væri til í að horfa á þátt undir hans stjórn í hverri viku.

Að loknum þættinum reyndi ég að finna mér eitthvað að horfa á en þrátt fyrir allar þær stöðvar sem ég hef aðgang að var ekkert sem vakti áhuga minn. Annað kvöldið í röð var ég sum sé heima í sjónvarpsstuði en fann ekkert áhugavert. Á föstudaginn fóru leikar reyndar þannig að ég endaði á því



að horfa á fremur steikta mynd, Without a Paddle. Ég get ekki sagt að líf mitt sé ríkara eftir það gláp.

Á laugardagskvöld fann ég ekkert, en þá hafði birst á mínu heimili mynd snillingsins David Attenborough um Darwin og kenningar hans. Sú var gerð í tilefni af 200 ára fæðingarár-mælis Darwins og hefur sennilega verið sýnd í sjónvarpinu en farið framhjá mér, mjög góð mynd eins og flest sem tengist náttúrufræðum og kemur frá BBC.

Ég verð að segja að mér þótti dagskráin þessa helgina í heildina heldur glötuð hjá sjónvarpsstöðvunum. Ég gæti því tuðað til dæmis um að skattfé væri illa varið til reksturs RÚV. En þar sem ég skemmti mér svo ágætlega yfir bókmenntaþættinum Forboðnar sögur sem fluttur var í gærmorgun ætla ég ekki að gera það. Hann verður endurfluttur á miðvikudag en er aðgengilegur á netinu, rétt eins og fyrri þáttur þeirra Auðar Aðalsteinsdóttur og Ástu Gísladóttur.

MÁNUDAGUR



► **19.00 Snæfell – Keflavík, beint** STÖÐ 2 SPORT



► **19.45 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



► **20.00 The Hoax** STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.50 Cold Case** STÖÐ 2 EXTRA



► **22.15 Úlfabytur í úthverfi** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Leiðin á HM (9:16) (e)

18.00 Pálína (33:56)

18.05 Herramenn (20:52)

18.15 Pósturinn Páll (19:28)

18.30 Eyjan (9:18)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.10 Lífið (Life) Nýr myndaflokkur frá náttúrufræðideild BBC með David Attenborough.

21.00 Lífið á tökustað (Life on Location)

21.15 Sporlaust (Without a Trace) (17:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk: Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste og Roselyn Sanchez.

22.00 Tíufréttir

22.10 Veðurféttir

► **22.15 Úlfabytur í úthverfi** (Suburban Shootout II) (5:6) Breskur gamanmyndaflokkur um konur af smábænum Little Stempington. Aðalhlutverk: Anna Chancellor, Felicity Montagu, Amelia Bullmore og Emma Kennedy.

22.45 Aðþrengdar eiginkonur (e)

23.30 Kastljós (e)

00.10 Fréttir (e)

00.20 Dagskrárlök



BÍÓ

06.10 The Hoax

08.05 Murderball

10.00 School for Scoundrels

12.00 The Seeker: The Dark is Rising

14.00 Murderball

16.00 School for Scoundrels

18.00 The Seeker: The Dark is Rising

► **20.00 The Hoax** Sannsöguleg mynd um Clifford Irving sem seldi útgáfuréttinn af skáldaðri og falskri ævisögu um auðkyfinginn Howard Hughes til eins af stóru útgáfufyrirtækjanna fyrir metfé.

22.00 Glastonbury

00.15 A Sound of Thunder

02.00 Planes, Tranes and Automobiles

04.00 Glastonbury

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Tommi og Jenni og Krakkamir í næsta húsi.

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.10 Hæðin (6:9)

11.00 60 mínútur

11.45 Falcon Crest (12:18)

12.35 Nágrannar

13.00 Madison

14.50 ET Weekend

15.35 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 The Simpsons (18:25)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Two and a Half Men (19:24)

► **19.45 How I Met Your Mother** (5:20) Við kynnumst betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.

20.10 American Idol (32:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins sjö bestu söngvararnir eru eftir.

20.55 American Idol (33:43) Sérstakur góðgerðar-þáttur þar sem fjöldinn allur af þekktum listamönnum koma fram. Allur ágóði er svo látinn renna til bágstaddra. Hér kemur einnig í ljós hvaða sex keppendur halda áfram.

22.20 Supernatural (8:16) Yfirmáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

23.05 That Mitchell and Webb Look (1:6)

23.30 Lemming

01.40 Goldplated (4:8)

02.25 Madison

04.05 ET Weekend

04.50 Two and a Half Men (19:24)

05.15 How I Met Your Mother (5:20)

05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

16.40 Fréttabáttur Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem skyggst er á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

17.10 Miami - Boston Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA-deildarinnar.

► **19.00 Snæfell – Keflavík** Bein útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.

21.00 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

22.00 Bestu leikirnir. FH - KR

10.08.09 Tvö bestu lið landsins mættust þann 9. ágúst 2009 í Kaplakrika og úr varð stórbrotin skemmtun. Sóknarleikurinn var í fyrirrúmi í þessu magnaða leik sem enginn má láta framhjá sér fara.

22.30 Snæfell – Keflavík Útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.

00.10 Ultimate Fighter – Séría 10 Sýnt frá leiðinni í úrslitin í Ultimate Fighter en í þessari mögnuðu íþrótt eru mættir til leiks allir bestu bardagamenn heims í dag.

00.55 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.



SPORT 2

enski boltinn

07.00 Chelsea - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

16.05 Burnley - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

18.45 PL Classic Matches: Tottenham - Man. Utd., 2001.

19.15 Man. Utd. - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

21.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

22.30 Arsenal - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

07.10 Spjallið með Sölva (10:14) (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Pepsi MAX tónlist

12.00 Spjallið með Sölva (10:14) (e)

12.50 Pepsi MAX tónlist

17.15 Matarklúbburinn (6:6) (e)

18.30 Game Tívi (13:17) (e)

19.00 I'm A Celebrity... Get Me Out Of Here (9:14) Skemmtileg raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjörnulífið og þurfa að þraka í miðjum frumskógi og leysa þrautir.

19.45 King of Queens (22:25) (e)

20.10 Melrose Place (12:18) Riley og Jonah ákveða að lauma sér til Las Vegas og láta þússa sig saman en dagurinn endar öðruvísi en þau gerðu ráð fyrir. Ella bókar fund fyrir Jonah með mikilvægum kvikmyndaframleiðanda sem vill kaupa myndina hans.

20.55 One Tree Hill (17:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.

21.40 CSI (9:23) Nokkrir úr rannsóknardeildinni halda út í eyðimörkina til að fagna afmæli félaga síns en ferðin tekur óvænta stefnu þegar þeir eru þvingaðir út af veginum og velta bílnum.

22.30 Jay Leno

23.15 Californication (5:12) (e)

23.50 Heroes (24:26) (e)

00.30 Heroes (25:26) (e)

01.10 Battlestar Galactica (12:22)

01.50 King of Queens (22:25) (e)

02.20 Pepsi MAX tónlist



INN

20.00 Úr öskustónni Guðjón Bergmann fær góða gesti og ræðir málefni sem geta snerta alla.

20.30 Golf fyrir alla Golfþáttur í umsjón Ólafs Mús og Brynjars Geirssonar.

21.00 Frumkvöðlar Þáttur um frumkvöðla í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

21.30 Í nærveru sálar Mataræði í skólum í Rvk. Próstur Harðarson, Jón Ingi Einarsson og Sigurveig Káradóttir eru gestir Kolbrúnar.



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Nýtt og stærra vöruhús

VIÐ ERUM FLUTT AÐ BRÚARVOGI 1 - 3

Bjóðum viðskiptavinum okkar velkomna í nýtt vöruhús og verslun fyrir veitingahús, mótuneyti og hótél að Brúarvogi 1 - 3, 104 Reykjavík.

Vörur á réttum tíma til þín, tilboð í hverri viku.

Verslun opin virka daga milli kl. 08:00 og 17:00, laugardaga milli kl. 09:00 og 13:00.



Dreifing ehf.



SÍMI 588 1888 • FAX 588 1889 • Brúarvogi 1 - 3 • 104 Reykjavík • Sími 588 3400 • Fax 588 3401

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 23.25

That Mitchell and Webb Look

Skemmtilegur grínþáttur
uppfullur af frábærum
sketsum með þeim félög-
um David Mitchell og
Robert Webb. Þeir slógu
í gegn í Peep Show og
í þessum þessum þætti
fara þeir á kostum og
bregða sér í alla kvikinda
líki.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Lífið

Sjónvarpið kl. 20.10

Þættinum í kvöld verður flogið með fuglum og fylgst með ótrúlegu háttarlagi þeirra. Slegist verður í för með lambagömmum og fylgst með dansi þúsund flamingóa auk þess sem sýnt verður frá sérkennilegum tilburðum kólibrifugla. Að þættinum loknum verður sýndur tíu mínútna þáttur um gerð hans.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Hádegisútarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Hringrás
14.03 Bak við stjörnumar
15.03 Útvarpssagan: Borg
15.25 Fólk og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 L kynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Samræða á sunnudegi
22.10 Orð kvóldsins
22.20 Gimi, grúsk og glóriur
23.15 Lostafulli listræninginn
23.50 Þjóðsagnalestur
00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun



17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir lækna á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R. (17:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og lækna-
arnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarð-
anir upp á líf og dauða.

18.30 Friends (4:24) Fylgstu með ævin-
týrum, Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu
og Chandler frá byrjun.

19.00 The Doctors

19.45 E.R. (17:22)

20.30 Friends (4:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag
► 21.50 Cold Case (16:22) Sjöunda spennubáttaröðin um Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.35 The Mentalist (15:23) Önnur ser-
ián af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick
Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsókn-
arlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki
glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál
með því að nota hábeitta athygliságu sína.

23.20 Twenty Four (13:24) Áttunda serí-
an af spennuþætti um leynipjónustumannin-
um Jack Bauer sem þráir nú ekkert heitar en
að fá að draga sig í hlé.

00.05 Sjaðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmynda-áhugamenn.

00.30 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV




10.00 Primeval 10.50 After You've Gone 11.20
Keeping Up Appearances 11.50 Monarch of the
Glen 12.40 My Family 13.10 The Weakest Link
13.55 Primeval 14.45 Keeping Up Appearances
15.15 Only Fools and Horses 15.45 Blackadder
the Third 16.15 EastEnders 16.45 The Weakest
Link 17.30 The Green Green Grass 18.00 The
Green Green Grass 18.30 Hustle 19.20 Hustle
20.10 The Green Green Grass 20.40 The Green
Green Grass 21.10 Allo, Allo! 21.45 Keeping Up
Appearances 22.15 Monarch of the Glen 23.05
Hustle 23.55 Hustle




12.00 DR1 Dokumentaren. Mænden som vejår 13.00
i krig **13.00** DR Update - nyheder og løj **13.10**
Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint &
Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen
15.15 Benjamin Bjørn **15.30** Kårslønn på læget
15.55 Jeg er et dyr! **16.00** Afshetfowet **16.30** TV
Avisen med Sport **17.00** Liberal Alliances lands-
møde **17.30** Søren Rye direkte **18.00** Yellowstone
Nationalpark **19.00** TV Avisen **19.25** Horison
19.50 SportVyt **20.00** Inspector Morse **21.45** OBS
21.50 Vejrets mæt **22.15** Boogie Mix



10.00 NRK nyheter 10.10 Bondeknoen 10.40
 Dallas 11.25 Ut i nærturen 11.40 Fabelaktige Fiff og
 Far 12.10 Himmelblå 13.00 NRK nyheter 13.10
 Dallas 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10
 Bondeknoen 15.40 Oddasat 15.55 Nyheter på
 tegnspråk 16.00 Førkvebl 16.40 Distriktsnyheter
 17.10 Dagsrevyen 17.45 Bedre puls 18.15
 Måltidet jeg aldri glemmer 18.45 Billedbrev 18.55
 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21.30
 Krøniken 20.30 Hiltøns historie 21.00 Kveldsnytt
 21.15 Poirot 22.45 Nytt på nytt 23.15 Sangskatter
 med Torje Unstad 23.45 Sport Jubokobs




12.10 Skola skolan **14.00** Rapport **14.05** Gomorrön
Sverige **14.55** Bubbler **15.25** Kvartersdoktorn
15.55 Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi
16.10 Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn
17.00 Kulturmythena **17.15** Regionala nyheter
17.30 Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga
bröllopet **19.00** Kommissarie Winter **20.00** The
Last Days of Disco **21.50** Jakten på Julia **22.50**
Fittwer **23.50** Landet runt



„Uppáhalds-sjónvarps-efnið mitt eru fréttir, fréttatengdir þættir og heimildar-myndir. Þessar vikurnar fylgist ég dölfallin með David Attenborough í Lífinu á mánudagskvöldum á RÚV. Að öðru leyti er ég lítið gefin fyrir sjónvarpsgláp og sofna ósjaldan yfir misgöðum þáttum – án eftirsjár.“



María Sigrún Hilmarsdóttir, fréttamaður á RÚV.



LÁRÉTT

2. hvetja, 6. í röð, 8. bók, 9. farfa, 11. tveir eins, 12. fáni, 14. yfirstéttar, 16. rás, 17. klæði, 18. kvabb, 20. fyrir hönd, 21. nabbi.

LÓÐRÉTT

1. helminguð, 3. tveir eins, 4. vitsmunamissir, 5. sigað, 7. geðtruflaður, 10. skítur, 13. gifti, 15. dreifa, 16. espa, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. hálf, 3. rí, 4. vígtíð, 5. strá, 6. æsa, 7. öð, 8. bók, 9. farfa, 10. tveir eins, 11. fáni, 12. yfirstéttar, 13. kvabb, 14. rás, 15. skítur, 16. espa, 17. hönd, 18. nabbi, 19. tveir eins, 20. fyrir hönd, 21. nabbi.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Nick Glegg.
- 2 Eiður hefur leikið 250 leiki í ensku úrvalsdeildinni.
- 3 Benedikt Erlingsson.

Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Kóngurinn og prinsessan taka við Casa

„Við komum með okkar mórál inn í þetta og staðurinn er orðinn mun vinalegri en hann var,“ segir pókerkóngurinn Davíð Rúnarson, eða Dabbi Rú.

Dabbi og Valur Heiðar Sævarsson hafa tekið við pókerstaðnum Casa í Aðalstræti. Dabbi segir þá félaga boða miklar breytingar á staðnum, bæði útlitslegar og félagslegar. „Við erum búnir að teppaleggja og kaupa fína og fagra muni þannig að staðurinn er orðinn heimilislegri en áður,“ segir hann. „Það er allt önnur stemning í húsinu. Ég setti mér takmark að breyta henni innan tveggja mánaða, en það er strax annað andrúmsloft í húsinu.“

Dabbi er ánægður með samstarfið við Val, sem gerði það gott á árum áður með hljóm-

sveitinni Buttercup. „Ég gleðst yfir því að hafa prinsessuna mér við hlið,“ segir hann. „Svo ég tali ekki um það að ég hafi skotið Butter-gamla upp á stjörnuhimininn á ný. Ég á hann skuldlaust í dag. Meira dót gerði það á sínum tíma en Dabbi Rú gerir þetta í dag.“

Karlmenn eru meirihluti þeirra sem spila póker í dag, en Dabbi segir hann og Val reyna að breyta því. „Þær hafa alltaf verið að detta aðeins í mótin en við höldum líka sérstök piúpókermót,“ segir Dabbi í lauffléttum dúr. „Við erum jafnréttissinnar, ég og Valur. Stelpur geta gert meira en að vaska upp og búa um rúmin. Þær geta alveg próf- að að spila póker – við munum hirða af þeim peninginn en þær geta verið með.“

- afb



HEIMILISLEGT Á CASA Dabbi Rú segir andrúmsloftið á pókerstaðnum Casa mun vinalegra en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LINDA ÁRNADÓTTIR: KRON HANNAR FYRIR FRANSKT TÍSKUHÚS

Aðgangsmiði í fínar og frægar merkjaverslanir

Kron hefur hannað skó fyrir vetrarlínu tískuhússins Rue de Mail í París, en þar er Martine Sitbon yfirhönnuður. Fjöldi stórstjarna hafa klæðst flíkum frá Rue de Mail og má þar á meðal nefna leikkonurnar Cate Blanchet, Kirsten Dunst og Scarlett Johansson auk fyrirsættunnar Kate Moss og forsetafrú Frakklands, Cörlu Bruni.

Hugrún Árnadóttir, hönnuður og annar eigandi Kron, hannaði skóna ásamt manni sínum, Magna Þorsteinssyni.

„Þetta er franskt tískuhús og var Martine Sitbon meðal annars yfirhönnuður hjá Chloé áður en hún gerðist yfirhönnuður Rue de Mail. Hún er mjög þekktur hönnuður og þá sérstaklega í París en hefur ávallt forðast sviðsljósið,“ segir Linda Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands, en hún starfar einnig sem textilhönnuður fyrir Rue de Mail. Linda er systir Hugrúnar og svaraði fyrir þau hjónin þar eð þau voru erlendis.

Skórnir nefnast Kron by Kron Kron for Rue de Mail og voru frumsýndir á tískuvíkinni í París í mars síðastliðnum og verða fáanlegir í verslunum frá og með ágúst. „Þetta er gott tækifæri fyrir þau og í raun er þetta aðgangsmiði inn í allar frægu og fínu merkjaverslanir líkt og Barneys í New York og þannig ná þau einnig til annars markhóps en þau hafa gert. Skórnir eru ekki ósvipaðir þeim sem þau hafa verið að hanna hingað til, þetta er mikið sama form en verður í öðrum litum.“ Að sögn Lindu verða skórnir einnig fáanlegir hér á landi og því hafa íslenskir fagurkerar án efa til einhvers að hlakka.

sara@frettabladid.is



Í ÚTRÁS Hjónin Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson hafa slegið í gegn með hönnun sinni. Þau hanna nú skó fyrir franska tískuhúsið Rue de Mail. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTIR AF FÓLKI

Orðið Eyjafjallajökull hefur heldur betur reynst erlendum fréttamönnum mikill tungubrjótur og hafa þeir rembst eins og rjúpan við staurinn við að bera það fram sómasamlega. David Letterman, CNN og fleiri hafa gert mikið grín að sjálfum sér og öðrum en arabíska fréttastöðin Al Jazira brá á það ráð að fá frumsamið lag frá Elízu Newman, oftast kennda við Kolrössu krókríðandi, sem hún flutti í beinni útsendingu fyrir skemmstu.

Fréttablaðið hefur greint rækilega frá dvöl Ali Fedotowsky, piparjónkunnar úr bandarísku raunveruleikabáttunum Bachelorette, sem kom hingað til lands ásamt níu vonbiðlum sínum. Ali hefur nú tjáð sig í fyrsta skipti um dvöl sína á Íslandi en í samtali við vefmiðil að nafni blog.zap2it.com leiðréttir Ali þann misskilning að hún hafi flogið að eldstöðvunum undir Eyjafjallajökli; hún hafi nefnilega heimsótt eldgosíð á Fimmvörðuháls sem naut mikilla vinsælda meðal ferðamanna.

Og eins og margóft hefur komið fram var Íslandsklukkan frumsýnd á sumardaginn fyrsta í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni birtist ísbjörn, nánast eins og skattinn úr sauðarleggnum, en sú sem leikur dýrið er Edda Arnjótisdóttir. Hún er einmitt eiginkona Ingvars E. Sigurðssonar sem leikur Jón Hreggviðsson, aðalpersónuna í verkinu.

- fgg



Auglýsingasími

512
5401



Allt sem þú þarft...

Símadólgar áreita fyrirsætur

„Ef þetta heldur áfram breyti ég um númer. Þetta getur verið mjög pirrandi, sérstaklega þegar ég er vakinn á næturnar,“ segir fyrirsætan Krístrún Ösp Barkardóttir.

Krístrún hefur orðið fyrir miklu ónæði í gegnum síma undanfarið sem endaði á því að hún lét fela nafn sitt á Já.is í síðustu viku. Krístrún hefur verið mikið í fjölmiðlum undanfarið vegna sambands hennar og fótbolta-hetjunnar Dwight Yorke og hún býst við að sú athygli hafi orðið til þess að símadólgarnir láti hana ekki í friði.

„Ég er búin að vera með þetta númer lengi, þetta er fyrsta númerið sem ég fékk mér þannig að

ég er ekki að fara að breyta því strax,“ segir Krístrún. „En ónæðið er búið að vera mikið upp á síðkastið. Það er verið að hringja úr leyninúmeri og bulla. Svo hef ég fengið mörg sms af Já.is.“

Eru dónar að hringja? „Já, mjög mikið af þeim (hlær).“

Önnur fyrirsæta, Krístin Lea Sigurðardóttir, hefur einnig lent í ónæði undanfarið, en hvorki svo miklu né alvarlegu að hún hafi íhugað að fela nafn sitt á Já.is. „Ég fékk símtal um daginn og nokkur sms frá Síminn.is,“ segir Krístin. „Þeir voru bara að bulla, einhverjir dónar.“



ÓNÆÐI Óprúttin símadólgar hafa áreitt Krístrúna Ösp undanfarið.

- afb



Yuni, stærð 283 x 200 cm

FRÁBÆRT ÚRVAL

TUNGUSÓFA OG HVÍLDARSTÓLA Í ÖLLUM STÆRÐUM OG LITUM



Walton 2, stærð 283 x 205 cm



Rinoa, stærð 260 x 170 cm



Gary hvíldarstóll
með og án rafstýringar
breidd 85 cm.



Gary með rafstýringu og án, lengd 200 cm



Italiano með og án rafstýringar, lengd 218 cm



Walton, stærð 214 x 150 cm

Þægindin í fyrirrúmi

BJÓÐUM EINNIG UPP Á DÖNSK GÆÐARÚM FRÁ
PASSION OG AMERÍSKU DÝNUNUM FRÁ SERTA



Kíktu í heimsókn og
uppfylltu drauma
þína um betri hvíld.

LÚR

BETRI HVÍLD

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frumleg fjármögnun

Ný stikla úr kvikmyndinni Borgrikið eftir Ólaf Jóhannesson er komin á netið. Þar er kynnt til sögunnar persónan sem **Ágústa Eva Erlendsdóttir** leikur. Myndin er fjármögnuð með nokkuð óvenjulegum hætti því hún er ekki gerð með styrk frá Kvikmyndamiðstöð og leikstjórnin brá á það ráð að óska eftir fjárframlögum á netinu, fólk gæti jafnvel keypt sér lítil hlutverk. Með önnur hlutverk í myndinni fara þeir Ingvar E. Sigurðsson og Björn Thors.



Bíófólk skemmtir sér

Árshátíð kvikmyndagerðarmanna á Íslandi var haldin að kvöldi síðasta vetrardags á Hótel Loftleiðum.

Þema árshátíðarinnar var Film Noir og setti það svip á klæðnað gesta og stemninguna. Hannes Friðbjarnarson, trommari í hljómsveitinni Buff, var veislustjóri og þótti bæði hress og fyndinn. Fleiri fyndnir strákar voru á svæðinu því þeir Dóri DNA og **Ari Eldjárn** voru með uppistand. Ari bókstaflega átti salinn en þegar kom að Dóra var eins og slökkt hefði verið á hláturtaugum gesta.

Baltinn veittur

Rétt eins og í fyrra var fólk úr kvikmyndabransanum verðlaunað fyrir vel unnin störf. Meðal verðlauna voru „Alþýðlegasti aðstoðarleikstjórinn“ sem Sindri Páll Kjartansson hlaut, „Liðlegasti ljósamaðurinn“ og „Pottþéttasti propsarinn“. Í fyrra kölluðust verðlaunin Friðrikinn eftir Friðrik Þór Friðrikssyni en að þessu sinni voru þau nefnd í höfuð **Baltasars Kormáks**; Baltinn.




Mest lesið

vísir.is

- 1 Gistu fangageymslur eftir að hafa ekið á ljósastaur
- 2 Halldór vildi ekki tjá sig um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis
- 3 Segir Grikkjum að óttast ekki AGS
- 4 Hátt í hundrað manns ætla að taka þátt í hreinsunarstarfi í dag
- 5 Eignir ríkasta fólks í Bretlandi aukast á ný - myndir

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á töluðum, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)

FRÁ 99.000 kr.

NÚ HREINSUM VIÐ ÚT 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

með allt að 50% afslætti.



COMFORT solutions®

By King Koil®

ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófásýningarsal landsins.

rekkjan